

Nd.

154. Frumvarp til laga

um menntun kennara.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

I. KAFLI

Um menntaskóla kennara.

1. gr.

Í stað kennaraskólans skal í Reykjavík setja á stofn menntaskóla fyrir kennara, er skiptist í fjóra bekki. Skólinn starfar hliðstætt við lærdómsdeildir menntaskólanna og í sambandi við menntaskólann í Reykjavík, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Tilgangur skólans er að búa nemendur undir kennarastörf og háskólanám í uppeldisvísindum.

3. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar:

1. Íslenzku og íslenzkar bókmenntir.
2. Dönsku.
3. Ensku.
4. Þýzku.
5. Stærðfræði.
6. Eðlisfræði og efnafræði.
7. Náttúrufræði og heilsufræði.
8. Landfræði.
9. Sögu og félagsfræði.
10. Kristinfræði og siðfræði.
11. Kennslufræði.
12. Kennsluæfingar.
13. Teikning.
14. Skrift.
15. Handavinnu.
16. Söng.
17. Íþróttir.

Hver nemandi skal hafa eina kjörgrein, sem hann velur eigi síðar en í byrjun þriðja námsárs, og leggja stund á garðyrkju eigi skemur en átta vikur.

Í kennslunni skal hafa sérstakt tillit til þess, að nemendur eigi sjálfir að kenna þessar námsgreinar, og að fyrir þeim liggi að stunda uppeldisvísindi við háskóla og síðar að verða leiðtogar barna og unglinga.

4. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 15 ára, og ári eldri fyrir hverja aðra ársdeild.
2. Að nemandi hafi engan næman kvilla eða önnur lýti, er geri hann óhæfan til kennarastarfs.
3. Að nemandi sé óspilltur að siðferði.

5. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrstu ársdeild, þarf nemandi að hafa staðizt gagnfræða-próf, sem svarar til gagnfræðaprófs menntaskólanna og haldið er samkvæmt reglum, er fræðslumálastjórnin setur.

Nú sækja fleiri um inntöku í fyrstu ársdeild en rúmast í einum bekk, og gangi þeir þá fyrir að öðru jöfnu, sem búsettir eru utan kaupstaða, en að öðru leyti skulu einkunnir ráða.

6. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf, og er lokapróf fjórða bekkjar stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í annari og þriðju deild, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á stúdentsskírteini.

Um prófskilyrði í kjörgrein skal sérstaklega ákveðið í reglugerð.

Hver námsmaður skal áður en að stúdentsprófi kemur sanna með vottorði, að hann hafi unnið algenga erfiðisvinnu í a. m. k. sex mánuði á eigi lengri tíma en fjórum árum.

7. gr.

Utanskólamönnum er heimilt að taka próf inn í allar ársdeildir, enda taki þeir þá og próf í þeim námsgreinum, sem lokið hefir verið í fyrri ársdeildum.

8. gr.

Við skólann skulu vera þrír fastir kennarar, auk skólastjóra, og tveir kennarar í kennsluæfingum. Æfingakennurum er skylt að hafa á hendi kennsluæfingar við háskólann, og háskólakennara í kennslufræðum er einnig skylt að hafa á hendi kennslu í menntaskóla kennara í kennslufræðum.

Skólastjóri og kennarar njóta sömu launa og aðrir menntaskólakennarar.

9. gr.

Menntaskóli kennara og menntaskólinn í Reykjavík skulu hafa samstarf um kennaralið, söfn og húsnæði á þann hátt, sem líklegt er að gefi beztan árangur.

10. gr.

Þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, skal koma upp heimavist fyrir menntaskóla kennara og lærdómsdeild menntaskólans í Reykjavík. Nemendur skulu njóta þar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita. Utanbæjarnemendur skulu ganga fyrir öðrum um heimavistir.

11. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir menntaskóla kennara, og skal reglugerðin í aðalatriðum vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir menntaskólanna.

II. KAFLI

Um háskólafræðslu í uppeldisvísindum.

12. gr.

Í heimspekideild Háskóla Íslands skal taka upp kennslu í uppeldisvísindum í þeim tilgangi að veita kennurum sem fullkomnasta uppeldismenntun.

13. gr.

Heimspekideild annast menntun barnakennara, gagnfræða- og héraðsskólakennara og mennta- og sérskólakennara í uppeldisvísindum.

Þá skal og halda námskeið í uppeldisfræðum fyrir starfandi kennara, eftir því sem ástæður leyfa.

14. gr.

Þeir háskólakennarar skulu hafa með höndum kennslu í uppeldisvísindum, tveir próffessorar auk núverandi próffessors í forspjallsvísindum og almennri heimspæki.

15. gr.

Kennarar heimspækideildar í uppeldisvísindum semja lestrar- og kennsluáætlanir og reglugerð um kennslu og próf í uppeldisvísindum, sem konungur staðfestir.

16. gr.

Heimspækideild starfar að kennarafræðslunni í náinni samvinnu við aðrar deildir háskólans. Ennfremur skal leita til menntastofnana og aukakennara utan háskólans um kennslu í sérgreinum, þegar þess er þörf.

17. gr.

Hver sá, sem lokið hefir stúdentsprófi við menntaskóla kennara, á rétt til að verða skrásettur nemandi í uppeldisvísindum, og aðrir íslenskir stúdentar, sem hafa aflað sér, eða afla sér meðan á háskólanámi stendur, menntunar og leikni í þeim greinum, sem sérstaklega eru kenndar í menntaskóla kennara, samkvæmt reglugerð, er þar um verður sett.

Stúdentar frá menntaskóla kennara eiga rétt á að stunda nám í öðrum greinum heimspækideildar og í öðrum deildum háskólans, er þeir fullnægja þeim kröfum, sem hver deild setur um viðbótarnám. Reglugerðir þessar skulu staðfestar af konungi.

Ennfremur hafi þeir kennarar, sem aflað hafa sér fullra kennararéttinda áður en kennsla í uppeldisvísindum var upp tekin við háskólann, rétt til að stunda þar nám í þeirri grein. Háskólakennurunum í uppeldisfræðum er heimilt að veita þeim kennurum, sem þess óska, rétt til að segja sig til prófs í einstökum eða öllum námsgreinum.

18. gr.

Þeir einir hafa rétt til kennaraembætta á Íslandi, sem lokið hafa háskólaprófi í uppeldisvísindum. Þó halda þeir allir kennararéttindum, sem hafa öðlzt þau með öðrum hætti, áður en háskólafræðsla í uppeldisvísindum hófst.

Stúdentspróf frá menntaskóla kennara nægir til farkennararéttinda, þar til öðruvísi er ákveðið af kennslumálaráðherra.

Kennslumálaráðuneytinu er heimilt að veita kennararéttindi þeim íslenskum mönnum, sem lokið hafa sambærilegu námi við erlenda háskóla, enda komi samþykki háskólakennara í uppeldisvísindum til.

III. KAFLI

19. gr.

I. kafli laga þessara kemur til framkvæmda 20. sept. 1938 um fyrsta bekk, og fellur þá jafnframt niður fyrsta ársdeild kennaraskólans, og síðan annar og þriðji bekkur á sama hátt. Falla þá og úr gildi lög nr. 63 1907, um kennaraskóla í Reykjavík, og breytingar á þeim lögum.

20. gr.

II. kafli laga þessara kemur til framkvæmda 15. september 1942.

Greinargerð.

Kennslumálaráðuneytið hefir sent menntamálanefnd frv. það, sem hér er flutt, en frv. er samið af nefnd, er skipuð var af ráðuneytinu með bréfi, dags. 11. nóv. 1936. Í nefndinni áttu sæti: Ágúst H. Bjarnason prófessor, eftir tilnefningu háskóla-

ráðs, Ásgeir Ásgeirsson fræðslumálastjóri, Freysteinn Gunnarsson skólastjóri kennaraskólans, Ingimar Jónsson skólastjóri, eftir tilnefningu félags héraðsskóla- og gagnfræðaskólakennara, og Sigurður Thorlacius skólastjóri, eftir tilnefningu Sambands íslenzkra barnakennara. Ásgeir Ásgeirsson var formaður nefndarinnar, en ritari var ráðinn dr. Simon Ágústsson með samþykki kennslumálaráðuneytisins.

Nefndin var skipuð samkvæmt ályktun, sem samþykkt var í efri deild Alþingis 1936 og svo hljóðar:

„Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hversu hreyta mætti uppeldi kennara með því að hafa tveggja vetra sérnám í Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og kennsluvísindum fyrir kennaraefni, sem hefðu tekið stúdentspróf, með nokkrum öðrum sérstökum undirbúningi fyrir kennarastarfið, og leggja niðurstöðuna fyrir næsta Alþingi.“

Eru hér prentuð á eftir þau skilríki, er fylgdu frumvarpinu frá nefndinni:

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps um menntun kennara.

Við 1. gr.

Ætlað er til, að menntaskóli kennara taki við af kennaraskólanum og notist við sama húsnæði, þar til úr verður bætt. Það húsnæði er þó ekki fullnægjandi, þar eð bætt verður við einni ársdeild og auka þarf ýmislega handavinnukennslu frá því, sem verið hefir. En líklegt er, að menntaskólinn í Reykjavík geti látið menntaskóla kennara eftir nægilegt húsrúm til viðbótar, svo ekki komi til þeirra útgjalda fyrir ríkissjóð af þeirri ástæðu.

Við 3. gr.

Námsgreinar eru ákveðnar með tilliti til námsefnis í barna- og unglingaskólum, þeirrar leikni og tækni, sem hver kennari þarf að tileinka sér, og þess að gera nemandann hæfan til að stunda háskólanám að loknu stúdentsprófi. Þó tungumálanám verði að takmarka eins og unnt er, vegna annars námsefnis, þá telur nefndin ekki annað fært en að kennnd verði hæði enska og þýzka, svo að nemendur geti haft not þýzkra og enskra bókmennta. Það mundi valda miklum erfiðleikum við háskólanámið síðar, ef þessi tungumál væru valfrjáls og annar hópurinn gæti aðeins notið enskra bókmennta og hinn eingöngu þýzkra. — Nemendum er gert að skyldu að hafa sérgrein í þeim tilgangi að beina áhuga að ákveðnum námsgreinum, sem bezt svara til hæfileika þeirra og síðar gætu orðið sérgreinar þeirra við háskólanám.

Við 4. gr.

Aldursskilyrði í fyrsta bekk menntaskólans í Reykjavík er miðað við 13 ára aldur. Þess vegna þykir ekki fært að ákveða lágmarksaldur fyrsta bekkjar í menntaskóla kennara hærrí en 15 ár, því annars myndu þeir, sem lokið hafa gagnfræðaprófi á lágmarksaldri, verða að hætta námi um skeið til þess að komast í menntaskóla kennara. Þó er að sjálfsgöngu gert ráð fyrir, að nemendur, sem setjast í fyrsta bekk, verði yfirleitt mun eldri. — Það skilyrði verður að setja í þessum skóla, sem ekki tíðkast í öðrum skólum, að nemandi hafi engin þau lýti, er geri hann óhæfan til kennarastarfs.

Við 5. gr.

Hér er miðað við tveggja ára gagnfræðanám, sem ákveðið er í hinni nýju reglugerð menntaskólans í Reykjavík. Er rétt að miða við tveggja ára gagnfræðanám, en ekki þriggja, vegna þess að ætlað er til, að gagnfræða- og héraðsskólar og aðrir unglingaskólar utan Reykjavíkur verði undirbúningsskólar menntaskóla kennara. Þó ekki veiti próf þaðan inngöngurétt.

Við 6. gr.

Það er nýmæli, að atvinnuvottorð séu prófskilyrði, og flestir eða allir íslenzkir kennarar hafa til þessa átt auðvelt með að fullnægja slíku skilyrði. En það gæti breytzt, og kemur þá þetta skilyrði að gagni. Erfiðisvinna á námsárunum hefir hér á landi átt ríkan þátt í að brúa djúpið, sem annarsstaðar hefir myndazt milli menntamanna og annara stétta, og mega slík tengsl sízt missast í kennarastétt, sem starfar í náinni samvinnu við alla alþýðu manna.

Við 8. gr.

Gert er ráð fyrir einum föstum kennara við skólann umfram það, sem verið hefir við kennaraskólann. Þá er og ætlazt til, að samvinna verði milli skólans og heimspekideildar háskólans um kennsluæfingar.

Við 9. gr.

Samstarf skólans við menntaskólann í Reykjavík er báðum skólunum til gagns, enda hafa undanfarið nokkur skipti á kennurum átt sér stað. Með því móti er og tryggara, að kennarar þurfi ekki að kenna annað en sérgreinar sínar.

Við 10. gr.

Það er mikil nauðsyn, að komið verði upp heimavistum fyrir kennaraefni og utanþæjarnemendur menntaskólans í Reykjavík. Nemendum væri að því mikill fjárhagslegur styrkur og einnig væri það til mikils gagns fyrir skólalífið. En ekki telur nefndin fært að gera tillögu um, að heimavistum verði komið upp nú þegar.

Við 11. gr.

Um menntaskólann á Akureyri hafa verið sett lög, en engin reglugerð samkvæmt þeim lögum, en um menntaskólann í Reykjavík gildir reglugerð, en lög hafa aldrei verið sett um hann, og er rétt, að sömu reglur og lög, sem gilda fyrir þessa skóla, gildi og í aðaldráttum fyrir menntaskóla kennara um allt, sem ekki er ákveðið í þessu frv.

Við 14. gr.

Kostnaðaraukinn við að taka upp háskólakennslu í uppeldisvísindum nemur launum tveggja prófessora, auk venjulegs rekstrarkostnaðar.

Við 16. gr.

Háskólinn mun stundum þurfa að leita til annara stofnana um kennslu í sérgreinum barna- og unglingaskólakennara, og veldur það nokkrum aukakostnaði, sem þó er ekki hægt að áætla löngu áður en kennslan byrjar.

Við 17. gr.

Gert er ráð fyrir, að flest kennaraefni muni njóta undirbúningsmenntunar í menntaskóla kennara, en þó er sjálfsagt, að aðrir stúdentar hafi og rétt til háskólanáms í uppeldisvísindum, enda fullnægi þeir viðbótarkröfum, er settar verða, mismunandi fyrir barnakennara, unglingakennara og aðra kennara. — Rétt er að gefa eldri kennurum rétt til að stunda háskólanám í uppeldisvísindum, enda hafi þeir áður sama rétt til að fá kennarastöður og háskólapróf veitir. Í eðli sinu er þetta bráðabirgðaákvæði, því vart verður þessi réttur notaður í mörg ár eftir að háskólafræðslan hefist.

Við 18. gr.

Ætlazt er til, að öll kennararéttindi verði bundin við háskólapróf nema réttindi til að gegna farkennarastarfi. Farkennslan er sérstaks eðlis og hverfandi, þó langt sé enn þar til hún hverfur alveg úr sögunni, og ekki kleift að gera fyllstu kröfur um undirbúningsmenntun þeirra, sem búa við jafnörðugan kost.

Við 19. og 20. gr.

Ekki er ráðlegt að gera þá breytingu, sem í frv. felst, með styttri en hálf annars árs fyrirvara. Vegna breyttra inntökuskilyrða í menntaskóla kennara frá því sem verið hefir í kennaraskólanum, er nokkur frestur nauðsynlegur. Ef fyrsti bekkur menntaskóla kennara tekur til starfa haustið 1938, þá stent á endum, að háskólafræðslan í uppeldisvísindum getur hafizt um það leyti, sem fullvíst má telja, að byggingu hins nýja háskóla verði lokið.

Nefndarálit.

Þjóðin hefir nú um þrjátíu ára skeið búið við svo að kalla óbreytta löggjöf um menntun kennara. Að vísu hefir verið hert á inntökuskilyrðum við kennaraskólann og námið nokkuð aukið og fræðsla fyrir kennara í íslenskum fræðum verið tekin upp við háskólann, en í megindráttunum gilda enn lögín frá 1907 um kennaraskóla, og þá er talið það, sem fyrir kennaramenntunina hefir verið gert. Á sama tíma, hinum síðustu þrjátíu árum, hafa orðið hinar stórfelldustu breytingar á íslensku þjóðlífi, svo ekki verður talið óeðlilegt, að menntun kennara sé nú tekin til athugunar.

1. Sveitir.

Það er alkunnugt, hvaða breytingar hafa orðið í sveitum landsins. Hin stærri sveitaheimili voru áður hornsteinar íslenzkrar menningar. Kostir þeirrar menningar byggðust ekki sízt á því, að heimilin voru maunmörg. Heimilin voru sjálfm sér nóg í miklu rikari mæli en nú þekkist. Heimilisiðnaður og samlestur á vefrum veitti hörnum og unglíngum hið bezta uppeldi. Og víðast var mannskapur til að kenna börnum það til bókarinnar, sem þá var talið nauðsynlegt. En tímarnir hafa breytzt og kröfurnar aukizt. Um 1907 var breytingunni svo langt komið, að almenn fræðslulög voru sett, bæði vegna sveita og kaupstaða, og lög um kennaraskóla. Var þá alstaðar í sveitum byggt á farkennslu, þar sem opinherri barnafræðslu var haldið uppi, og kröfurnar miðaðar við hana. Frá því 1907 og til þessa dags hafa breytingarnar verið enn stórfelldari. Heimilin eru nú almennt fámennari, og þó sérstaklega að vetrarlagi, en nokkru sinni áður, og heimilisfræðslan því nær alstaðar fallin niður, nema til undirbúnings og hjálpar við farkennsluna. Og að sama skapi hefir óánægjan með farkennslufyrirkomulagið farið vaxandi. Hin ytri skilyrði eru víða óviðunandi. Sveitirnar hafa enn hina sömu yfirburði og áður, að börn og unglíngar alast þar upp við útilíf og heimilisstörf, þó heimilisiðnaður sé að mestu úr sögunni. Í því eru fólgnir yfirburðir sveitauppeldisins.

2. Heimavistarskólar.

En þar fyrir verður að gera þá kröfu fyrir hönd sveitaæskunnar, að hún verði ekki útundan um skólafræðslu. Kröfur tímans eru nú meiri en áður, og það er réttlátt, að unglíngar standi jafnfætis, þegar út í lífið kemur, hvort þeir eru heldur aldir upp í sveit eða kaupstað. Á síðustu árum hafa risið upp margir heimavistarbarnaskólar í sveitum, og með ári hverju fjölgar umsóknum um styrk til skólabyggínga. Flestir heimavistarskólar hafa verið reistir á Suðurlandsundirlendinu og þar er vart nokkurt skólahérað, sem ekki hefir í hyggju að reisa heimavistarskóla svo fljótt sem auðið verður. Úr öðrum byggðum landsins berast nú umsóknir um byggingarstyrki til heimavistarskóla, og er fyrirsjáanlegt, að þeir breiðast óðfluga út, þegar sá fyrsti er kominn í hverju héraði. Enda er reynslan sú, að heimavistarkostnaður fyrir börn er minni en venjulega er búizt við fyrirfram. Þar sem hægt er að leggja mat með börnum að heiman, hefir aðkeyptur kaupstaðamatur ekki reynzt dýrari en um 18 aura á dag fyrir barnið. Í fræðslulögum frá síðasta þingi er líka gert ráð fyrir, að heimavistarskólar verði hið rikjandi fyrirkomulag barnafræðslunnar í sveitum, og má fullyrða, að barnafræðslan í sveitum muni þá ekki standa að baki barnafræðslu kaupstaðanna. En heimavistarskólarnir heimta umbætur á menntun barnakennara. Sveitamening framtíðarinnar á mikið undir því, að heimavistar-

barnakennarar hafi sjálfir hlotið það bezta uppeldi og sérmenntun, sem kostur er á að veita.

3. Bæir.

Breytingarnar hafa ekki síður verið stórstigar í þorpum, og þó einkum í kaupstöðum. Þar hefir orðið öll mannfjöldgun síðustu áratuga. Alla tíð frá því land byggðist og langt fram á síðustu öld var hér eingöngu sveitamening. Að þessu leyti höfum vér sérstöðu meðal vestrænna menningarþjóða. Nú er hér að skapast bæjarmening, sem þó mun ekki ná miklum þroska, nema uppeldi hinna nýju bæjarbúa sé tryggt með opinberum ráðstöfunum. Þessi snögga breyting á aðallega rót sína í auknum og breyttum atvinnuvegum, sjávarútvegi, verzlun og iðnaði, sem vaxið hafa með ótrúlegum hraða. Það hefir hvorki verið næg fyrirbyggja um né unnizt tími til að efla hina nýju bæjarmeningu sem skyldi. Hingað til hefir tilfinnanlega skort á menningar- og uppeldisstofnanir, sem spornað gætu við hættunum. Það er andvaraleysi að treysta til fulls á hina fornu heimilismening, sem hinir aðkomnu bæjarbúar flytja með sér úr sveitinni. Fyrsta kynslóðin lifir á fornum merg. En börn og unglingar, sem alast upp í bæjum, fylgja ekki foreldrum sínum til daglegra starfa á sama hátt og í sveitinni, og samlífið við jafnaldra utan heimilanna ræður þráfallega úrslitum um framtíð barnsins. Það verður ekki hjá því komizt, að kaupstaðarbarnið eigi hálfu giftu undir skólahaldi og öðrum ráðstöfunum, sem bæir og ríki verða að gera í sameiningu til að tryggja uppeldið og framtíð þjóðarinnar. Þessi nauðsyn er nú miklum mun ríkari en þegar hin fyrstu lög voru sett um menntun kennara fyrir þrjátíu árum. Vegna hinna ungu og vaxandi bæja er fullkomin þörf á að bæta svo um menntun kennara, að tryggt sé, að nýmenning þeirra verði ekki ómenning.

4. Nýir skólar.

Hin stórlega breyttu þjóðfélagsskilyrði hafa að sjálfsögðu leitt af sér stofnun ýmsra nýrra skóla, bæði almennra skóla og sérskóla. Er ástæða til að benda sérstaklega á hina almennu unglingsfræðslu, sem upp hefir verið tekin að mestu eða öllu leyti eftir að kennaraskólinn var stofnaður og kennaramenntuninni sniðinn stakkur. Mestur hefir þó verið uppgangur unglingskólanna síðustu sjö árin, eða síðan héraðsskóla- og gagnfræðaskólalöggin voru sett. Þá er og haldið uppi föstum og fjölsóttum unglingskólum í mörgum stærri kaupþúnum. En fyrir menntun unglingskennara, héraðsskóla- og gagnfræðaskólakennara, hefir enn ekki verið séð sérstaklega og engin ákveðin skilyrði í lögum fyrir unglingskennarastöðum. Til þessara skóla hafa valizt margir góðir menn, sem ýmist hafa kennaraskólamenntun eða háskólamenntun. Og það má yfirleitt segja um íslenska barna- og unglingskólakennara, að þeir sýni lofsverðan áhuga á að leita sér framhaldsmenntunar innanlands, sem þó er af skornum skammti, og erlendis með ærnum kostnaði. En hér er um svo fjölmenna stétt að ræða, að þjóðfélaginu verður ódýrast að sjá fyrir aukinni kennaramenntun innanlands, og svo þýðingarmikla stétt, að þjóðaruppeldið er undir því komið, að menntun hennar og menning sé sem bezt borgið. Kennaramenntunin ræður úrslitum um árangur alls annars skólastarfs.

5. Skólakerfi.

Enda þótt það sé ekki beint hlutverk þessarar nefndar, vill hún benda á það sérstaklega, hversu æskilegt það væri, að meira samræmi væri en nú er í framhaldsnámi unglings eftir að barnaskólanámi lýkur. En ef koma skyldi á föstu skólakerfi, yrði að taka hverja tegund skóla — aðra en barnaskóla — til athugunar, semja þeim hverjum fyrir sig sérstaka reglugerð með ákveðnum náms- og prófkröfum, og gæta þess, að þeir taki réttilega við hver af öðrum.

Að barnaskólanámi loknu ætti öllum, sem til þess eru færir, að gefast kostur á að ganga í tveggja ára framhaldsskóla (héraðs- eða gagnfræðaskóla), þar sem öll helztu gagnfræði væru kennd, auk ýmissa verklegra fræða. Skyldi síðan nemendum gefinn kostur á að ganga undir gagnfræðapróf hið minna, eftir þeim reglum, er þar

um væru settar af fræðslumálastjórn. Þar með er ekki sagt, að steypa ætti skóla þessa alla í sama mót. Eftir sem áður yrðu þeir að fá að starfa sjálfstætt, hver með sínu sniði, miðað við staðháttu og ýmsar aðstæður. Aðeins yrðu samræmdar kröfurnar um meginatriðin. Gagnfræðapróf þetta veitti síðan nemendum rétt til framhaldsnáms, annaðhvort í einhverskonar sérskóla (iðnskóla, verzlunarskóla, stýri-mannaskóla o. s. frv.) eða til inngöngu í lærdómsdeildir menntaskólanna. Ætti gagnfræðanámi hinu minna þar með að vera lokið, svo að ekki þyrfti að taka það upp aftur í ýmsum sérskólum, eins og nú tíðkast.

En ekki er þar með nóg. Hér vantar tilfinnanlega miðskóla, eins og þeir tíðkast um öll Norðurlönd og víðar, fjöggra ára skóla, er einnig taki við af barnaskólum, en veiti nemendum meiri almenna menntun en fengið getur í framhaldsskólum þeim, sem nú eru til hér. Slíkir skólar ættu að draga úr aðsókninni að menntaskólunum, en gera menn hinsvegar færa um að stunda nám við ýmsa sérskóla erlendis, þar sem ekki er heimtuð stúdentsmenntun, en þó allmikil undirbúningsmenntun, meðal annars krafizt tveggja erlendra stórmála (ensku og þýzku). Vísir að slíkum skóla er þegar til hér, þar sem er Gagnfræðaskóli Reykvikinga. Nemendur frá þeim skóla hafa farið til útlanda og fengið inngöngu í ýmsa sérskóla þar, bæði í Noregi, Danmörku, Þýzkalandi og Englandi. En auka þyrfti námið frá því, sem nú er í þeim gagnfræðaskóla, bæði í erlendum tungum og almennum greinum, einkum stærðfræði, eðlisfræði og náttúrufræði, enda væri það auðvelt, ef slíkir skólar störfuðu í fjóra vetur. Þeim skólum ætti að ljúka með gagnfræðaprófi hinu meira (real-examen).

6. Unglingakennarar.

Það, sem sagt var um algerða vöntun á sérstökum og samstæðum undirbúningi unglingakennara, sýnir einna skýrast, hve ófullnægjandi löggjöfin um menntun kennara er orðin. Unglingakennarar þurfa að sjálfsögðu menntun í uppeldisvísindum, og þá einkum því, sem við kemur því sérstaka aldurstigi, sem þeir fást við, og sérmenntun í kennslugreinum sínum. Launakjör þeirra leyfa ekki langdvalir erlendis við nám, og þá sit þegar þeir eru setztr að starfi og þurfa að sjá fyrir fjölskyldu. Að þeim undirbúningi húa þeir fyrst og fremst, er þeir fengu á námsárunum, og úr því verður oft ekki bætt síðar, ef ákveðin og hæfileg skilyrði hafa ekki verið sett um undirbúningsnám, áður en þeir taka við starfi. Það er og nauðsynlegt, að allir sæti sömu lágmarksskilyrðum, því sundurleit og misjöfn menntun kennara við sama skóla og á ýmsum stöðum á landinu hlýtur að hindra það, að unglingafræðslan komist í gott horf.

7. Sundurleit kennarastétt.

Þá má og benda á, að við sérskóla og hina æðri skóla, sem einkum njóta háskólamenntaðra manna, eru engin skilyrði um nokkra menntun í uppeldisvísindum fyrir veitingu á kennarastöðum. Allt þetta á sinn þátt í að kljúfa islenszka kennarastétt og draga úr nauðsynlegu samstarfi skólanna og samhug þeirra manna, sem raunar vinna að einu og sama verki. Háskólagengnir menntaskólakennarar, sem eru sérfræðingar í einni grein, en engrar uppeldisfræðslu hafa notið, snöggsöðnir barnakennarar, sem þó hafa hlotið nokkra fræðslu í uppeldis- og kennslufræði, og unglingakennarar, sem koma úr austri og vestri, er sundurleitur hópur. Hver sú breyting, sem veldur því, að þeir finni, að þeir eru ein stétt, sem vinnur eitt og sama verk, væri til mikilla bóta fyrir allt uppeldisstarf í landinu. Barnið og unglingurinn er sami maðurinn, þó aldurs- og þroskamunur sé á. Og þær stofnanir, sem barnið gengur í gegnum á leið sinni til fullorðinsáranna, eiga að taka hver við af annari eins og hlekkir í einni keðju.

8. Nauðsyn nýrrar kennaramenntunar.

Vegna stórfelldra breytinga, sem orðið hafa á islenszku þjóðlífi á síðari tímum bæði til sjávar og sveita, vegna vaxandi skólahalds og uppeldisstarfs í landinu og til

Þess að koma á auknu samstarfi milli skóla og meðal kennara og uppeldisfræðinga, ber nauðsyn til þess að gera menntun kennara yfirleitt sem fullkomnasta. Núverandi kennaraskóli kom í góðar þarfir og hefir unnið þjóðnýtt starf. En það er hvorttveggja, að nemendur þar hafa yfirleitt haft of litla undirbúningsmenntun og engin tók heldur verið til, á hinum stutta námstíma, að veita þeim góða kennaramenntun, og þó sízt í hagnýtum uppeldisvísindum, sem fleygt hefir fram á síðustu áratugum og eru í rauninni háskólagrein. Til þess hefir bæði skort námstíma og kunnáttu í erlendum málum. Kennarinn er ekki eingöngu fræðari og „heyrari“, heldur á hann einnig að vera leiðtogi harna og unglínga, sem kemur þeim til þess þroska, sem þeim er áskapað að geta náð. Kennarinn á og að vera ráðgjafi og leiðbeinandi fjölskyldunnar um uppeldismál. Í allri nútíma uppeldisfræði er lögð rík áherzla á leiðbeininga- og leiðtogastarf kennara, og er það ekki sízt nauðsynlegt hér á landi, nú á tímamótum gamallar og nýrrar menningar. Það verður að vera hvorttveggja, að lengja og hætta undirbúningsnám íslenzkra kennara. Þrjátíu ára gömul skipun þessara mála getur ekki staðizt lengur. Stórfelldar breytingar hafa ekki eingöngu orðið hér á landi á þessu tímabili, heldur einnig um allan hina menntaða heim. Og víðast hvar erlendis hafa hin miklu umskipti þegar skapað nýja kennaramenntun. Umbætur í skóla- og uppeldismálum hafa aldrei verið hraðstígari en frá því að heimsstyrjöldinni lauk og til þessa dags, og mikið gert á þeim tíma til að tryggja það, að kennarar tileinki sér vísindi sinnar greinar og mótist á námsárunum til þess starfs, að leiða aðra til þroska.

9. Inntökuskilyrði.

Inntökuskilyrði við kennaraskólann hafa undanfarið aukizt í áttina til gagnfræðaprófs, og er nú vafalaust kominn tími til að gera gagnfræðapróf að föstu inntökuskilyrði, á hvern veg sem kennaraskólanum verður að öðru leyti breytt. Gagnfræðamenntunin er almenns eðlis og nauðsynlegur grundvöllur alls sérnáms, og heimtar þó flest sérnám meiri almenna undirbúningsmenntun. Það er bæði hagræði og sparnaður að því að hafa gagnfræðamenntunina sér og aðskilja hana frá allri sérmenntun. Og á námsferli kennaraefna er það sjálfsagt. Gagnfræðamenntun er að verða svo almenn, að hennar verður víða hægt að afla nálægt heimilum og með litlum tilkostnaði. Við báða menntaskólana er enn haldið uppi gagnfræðadeild og sérstakir gagnfræðaskólar eru nú í öllum kaupstöðum, héraðsskólar í sveitum og sémilegir unglíngaskólar í nokkrum kaupúnum. Gagnfræðapróf er að visu ekki haldið nema í Reykjavík og á Akureyri og nám annara skóla ekki samræmt svo, að próf frá þeim öllum geti gilt sem inntökupróf í sérskóla eða æðri skóla. En með nokkurri viðbót eða námskeiðum fyrir þá, sem áfram halda, má jafna muninn. Eðlilegast er, að eitt gagnfræðapróf væri sett fyrir allt landið og þeim skólum gefin heimild til að halda það, sem sakir kennaravals og annara skilyrða má treysta til að framkvæma það, en að öðru leyti væri öllum gefinn kostur á að þreyta gagnfræðapróf, sem fræðslumálastjórnin setti reglur um. Með því móti væri hinu fyrsta undirbúningsnámi fyrir kennarafræðslu og alla aðra sérfræðslu vel skipað. Er það og tillaga nefndarinnar, að gagnfræðapróf sé gert að skilyrði fyrir inntöku í menntaskóla kennara.

10. Tillaga nefndarinnar.

En auk þess verður að auka allverulega nám kennaraefna frá því, sem verið hefir, í einstökum greinum, sem þeir eiga að kenna síðar, og að stórum mun menntun þeirra í uppeldisvísindum og kennslufræðum. Menntaskóli kennara kemst ekki af með skemmri tíma en lærdómsdeildir menntaskólanna, og uppeldisvísindin er eðlilegast að stunda við háskóla, enda fellur þetta vel saman. Það er því tillaga nefndarinnar, að kennaraskólanum sé breytt í menntaskóla fyrir kennara og að stofnað verði til kennslu í uppeldisvísindum við heimspekideild háskólans.

Um fyrra atriðið, að breyta kennaraskólanum í menntaskóla, er það að segja, að með því er farin sú auðveldasta og ef til vill sú eina leiðin, sem nú er fær að því marki, að kennaraefnin fái stúdentsmenntun til undirbúnings háskólanáminu. Eins og sakir standa, verður að tjalda því, sem til er, og notast við þau hífýli, sem fyrir hendi eru. Enn getur orðið langt að biða eftir nýjum húsakynnum fyrir þennan og aðra menntaskóla. Og eins og til hagar í menntaskólunum háðum, er það með öllu ógerningur að koma þessum skóla fyrir þar sem sérstakri deild við hlið hinna lærdómsdeildanna.

Hinsvegar er rétt að benda á þann framtíðarmöguleika, að menntaskóli kennara rynni saman við almenna menntaskólann og yrði þriðja lærdómsdeildin þar, en slíkt fyrirkomulag getur ekki komið á fyrir en gagafræðanámið verður skilið frá og húsrymi er nóg fyrir hendi. Lærdómsdeildirnar þrjár yrðu þá allar undir einni yfirstjórn, en yfir hverja deild mætti skipa sérstakan yfirkennara, er væri sérfróður um allt það, er að þeirri deild lyti sérstaklega. Með slíku fyrirkomulagi myndi sparast fyrst og fremst húsnaði; kennaralið yrði sameiginlegt, sömu söfn og kennslutæki, ennfremur sameiginleg heimavist fyrir utanbæjarnemendur. Sú skipun skólans, sem gert er ráð fyrir í frv., og miðuð er við ástandið eins og það er nú og verður fyrst um sinn, stendur alls ekki í vegi fyrir, að slík samvinna verði upp tekin, þegar skilyrði verða til þess.

11. Séræðli kennaramenntunar.

Til þess liggja margar ástæður, að nauðsynlegt er að hafa sérstaka lærdómsdeild eða sérstakan menntaskóla fyrir kennaraefni. Undir almennt stúdentspróf eru kenndar ýmsar greinar, sem kennurum er ekki sérstök þörf á að nema og ekki má taka tíma til frá öðrum nauðsynlegum undirbúningi kennara. Erlend mál verður að kenna til að gera nemendum mögulegt að stunda háskólanám í sínum fræðum. En til þess nægja Norðurlandamál, þýzka og enska, en latínu og frönsku væri aftur ofaukið vegna annara þarfa, sem ekki má vanrækja. Kennaraefnum er nauðsynlegra en öllum öðrum að iðka teikning, söng og leikfimi. Þau verða og að læra ýmsa handavinnu, sem nauðsynleg er í skólum. Þessum greinum er ekki hægt að fresta þar til háskólinn tekur við. Sá tími, sem háskólanáminu er ætlaður, leyfir það ekki, og hinsvegar næst ekki sú leikni í þessum greinum, sem nauðsynleg er, nema lögð sé stund á þær ár eftir ár og byrjað á ungum aldri. Þá verður og að kenna þær greinar, sem sameiginlegar eru almennum menntaskólum og menntaskóla kennara, með nokkuð öðrum hætti kennaraefnunar, bæði um efnisval og kennsluáferð, vegna þess að um er að ræða lokanám kennaraefna í þeim greinum, sem þeir eiga sjálfir að kenna síðar. Í skólastarfinu þarf jafnan að hafa annað augað á framtíðarstarfinu, líkt og við sérnám og háskólanám og í rikari mæli en við almenna menntaskóla. Þegar þar við bætist, að hér er um að ræða undirbúningsnám svo fjölmennrar stéttar, að hvort sem er þyrfti að fjölga bekkjum í öðrum menntaskólum, sem ættu að taka við kennaraefnum, þá er það augljóst, að skylt er frá upphafi að taka tillit til þeirra sérþarfa, sem menntun kennara fylgja. Í þessu sambandi er það ekki fjárhagsatriði, hvort stúdentsmenntuninni er skipt í lærdómsdeildir eftir framtíðarþörfum eða í því fleiri bekki einnar og almennrar stúdentafræðslu. Skipting í stærðfræðideild og máladeild hefir þegar verið upp tekin við báða menntaskólana, og er þó kennarastéttin miklu fjölmennari en þær stéttir, sem stærðfræðideildin hefir verið stofnuð fyrir. Sú breyting, að gera kennaraskólann að menntaskóla fyrir kennara, eykur ekki stúdentaþöfnun miðað við þau störf, sem stúdentaþá biða að loknu námi, heldur dregur hlutfallslega úr. Að loknu gagnfræðaprófi munu margir hverfa yfir í menntaskóla kennara, sem annars hefðu haldið áfram í hinum eldri lærdómsdeildum. Starfsmöguleikum stúdenta að loknu háskólanámi fjölgar um allar kennarastöður landsins.

12. Nýsveinar.

Þá er þess að geta, að nemendur veljast til barna- og unglingakennarastarfs með öðrum hætti en til almenns menntaskólanáms og annara embætta. Kennarastéttin hefir að mestu sótt nýliða sína í sveitir landsins. Námfúsir, ungir menn, sem af eigin hvötum og á eigin kostnað brjótast áfram við skólanám, hafa sótt kennaraskólann. Á þann hátt hefir barnakennarastéttin fengið sína beztu menn, en ekki úr hópi kaupstaðaunglinga, sem að loknu fullnaðarprófi harnafræðslunnar eru settir til framhaldsnáms af foreldrum sínum. Valda nokkru um þau launakjör og starfs-skilyrði, sem kennarastéttin á við að búa, en að öðru leyti sú skipun, sem gerð er á menntun kennara. Þessari leið má ekki loka, en hún mundi a. m. k. þrengjast mikið, ef kennaramenntunin væri fengin hinum eldri menntaskólum að öðru óbreyttu. Nemendur í menntaskóla kennara verða yfirleitt nokkuð eldri en nemendur annara lærdómsdeilda, sem aldir eru upp í kaupstað, og m. a. þess vegna heppilegra, að þeir séu sér í deild eða skóla. Þessi uppspretta ungra manna úr sveitum og byggðum landsins mun haldast opin, þó gagnfræðapróf sé gert að inntökuskilyrði, vegna þess hve almenn unglingafræðslan er orðin úli um landið, eins og áður hefir verið getið.

13. Farkennarar.

Þar sem ætlazt er til nokkurs uppeldisfræðilegs náms og kennsluæfinga í menntaskóla kennara, gerir nefndin ráð fyrir, að próf úr honum verði látið nægja farkennurum, a. m. k. fyrst um sinn, þar eð mikill munur er á launakjörum og starfsskilyrðum þeirra og barnakennara við fasta skóla. Gert er ráð fyrir í hinum nýju fræðslulögum, að farkennslan hverfi smám saman úr sögunni á næstu áratugum. Verður því nauðsynlegt fyrst um sinn að gera þessa tilslökun um uppeldisfræðinám farkennara. En hinsvegar er sýnt, að menntun kennarastéttarinnar í heild verður að bæta mikið frá því, sem nú er, ef menning þjóðarinnar á ekki að biða alvarlegan hnekki, því að uppeldisshlutverk barnaskóla og annara uppeldisstofnana, sem fyrir eru eða upp þurfa að koma á næstunni, verður æ víðtækara, margþættara og þýðingarmeira, eftir því sem menningarþarfir fólksins koma betur í ljós.

14. Háskólafræðsla í uppeldisvísindum.

Eftir fjögurra ára menntaskólanám með sérstöku tilliti til framtíðarþarfa kennarans, sem að menningargildi stendur ekki að baki almennu stúdentsnámi, kemur háskólafræðsla í hinum eiginlegu uppeldisvísindum eins og af sjálfu sér. Það væri fásinna að skipa lokanámi kennarans annarsstaðar til sætis. Uppeldisvísindi nútímans eru háskólagrein, og háskóli hefir bezt skilyrði til að vera leiðtogi annara skóla og brautryðjandi í uppeldismálum þjóðarinnar. Fyrir 1918 nutu barna- og unglingakennarar almennt ekki háskólamenntunar nema í Bandaríkjunum og á Englandi. En frá þeim tíma hefir þeim löndum sífellt fjölgað, sem gera háskólanám að skilyrði fyrir kennararéttindum, enda hafa miklar framfarir orðið í sálarfræði og uppeldisvísindum og hagnýting þeirra í uppeldisstarfinu aukizt stórlega, en í þeim efnum hafa háskólarnir haft forustuna. Í þeim löndum, sem ekki hafa enn gert háskólanám að skilyrði fyrir kennararéttindum, hafa þó víða verið settir á stofn kennaraháskólar til að fullnægja þörfum kennara fyrir framhaldsnám og hafa forustu í uppeldismálum, eða kennaraembætti í uppeldisvísindum verið stofnuð við hina eldri háskóla. Sú leið mundi reynast okkar þjóð engu ódýrari en það, sem hér er lagt til, að flytja uppeldisfræðinámið að mestu yfir í háskólann. Kostnaður ríkissjóðs yrði áþekkur, en árangurinn fyrir skólastarfið ósambærilegur. Það er eitt af hinum eðlilegustu viðfangsefnum háskóla, að eiga ríkan þátt í menntun kennara fyrir alla aðra skóla, og hafa forustu um að hagnýta erlend uppeldisvísindi fyrir íslenska skóla og laga þau eftir íslenskum háttum og aðstöðu. Uppeldisfræðin er almenn vísindagrein, en skólastarfið er staðbundið.

15. Sálarfærði.

Höfuðviðfangsefni háskólans í þessu sambandi mundi vera hin sálfræðilega og uppeldisfræðilega menntun kennara og þau menningaráhrif, sem háskólanámi fylgja. Fyrst er að telja sálarfærði barna og unglunga. Flestar nýjungar í nútíma uppeldisaðferðum eru að þakka beint og óbeint aukinni þekkingu á sálarlífinu. Kennaraefnin verða að öðlast þekkingu og skilning á sálarlífi barna og unglunga, þeir verða að kynna sér rannsóknaraðferðir barnasálarfræðinnar, svo að þeir geti sjálfir gert sálfræðilegar athuganir á börnum og unglungum. Kennslu- og uppeldisaðferðir verða að vera í samræmi við þroska barnsins á hverju aldursskeiði. Nú eru börn ekki aðeins misjafnlega bráðþroska andlega, heldur eru og skynjunarhæfileikar þeirra, tilfinningalíf, gáfnafar og menningarhneigð með misjöfnum hætti. Þennan mannámun og þau uppeldisáhrif og kennsluaðferðir, sem hæfa bezt, er kennaraefnum nauðsynlegt að þekkja. Þekking á sálarlífi, hæfileikum og hneigðum barnsins vísar uppalandanum hentugustu leiðina til að mennta það.

16. Uppeldisfræði.

Annað höfuðatriði uppeldisvísinda er það, sem í þröngri merkingu orðsins er kallað uppeldisfræði. Hún er aðallega heimspekileg, félagsfræðileg og söguleg. Hin heimspekilega uppeldisfræði fæst aðallega við að meta gildi uppeldisins og marka þá stefnu, sem taka skal í uppeldismálum. En er vér höfum einu sinni sett þetta takmark, sem í hverju einstöku tilfalli ákveðst bæði af þekkingu þeirri, er vér höfum af upplagi og menntunarhæfni barnsins, og þjóðfélagslífi og menningarkröfum, þá verður líka að rannsaka þau ráð og aðferðir, sem henta bezt til að ná takmarki uppeldisins. Þetta er hin eiginlega hagnýta uppeldisfræði. Hún leggur á ráðin um að kenna með sem minnstri fyrirhöfn og sem beztum árangri það, sem vér álitum, að þurfi að læra, sveigja hneigðir, er vér teljum skadlegar, að hollu markmiði og vekja og þroska aðrar hneigðir, er vér teljum góðar og gagnlegar.

17. Kennslufræði.

Þriðja aðalgrein uppeldisvísindanna er kennslufræðin. Kennaraefni verður að læra að hagnýta sér þekkingu sína við uppeldisstarfið og afla sér kunnáttu og leikni í því að kenna börnum og unglungum á ýmsum aldursskeiðum. Það er rangt að halda, að þekking og kennsluhæfileikar fari alltaf saman. Náttúrlega þarf barnakennarinn að hafa næga kunnáttu í kennslugreinum sínum, því að enginn getur kennt öðrum það, sem hann ekki kann sjálfur. En þetta er ekki nóg. Kennarinn verður þar að auki að þekkja nemendurna og skilja þá og öðlast leikni í að setja námsefnið fram í því formi, sem hæfir börnum með ólíku gáfnafori á hinum ýmsu aldursskeiðum. Þessi kennslufræðilega afstaða kennaranna til nemendanna er aðalatriði, þegar um smábarnakennslu er að ræða. Hin vísindalega framsetning einhverrar fræðigreinar fer ekki saman við hina kennslufræðilegu framsetningu hennar fyrir en um fullorðna, þroskaða nemendur er að ræða. Því er engum eins nauðsynleg og barnakennurum sálfræðileg þekking og leikni í því að beita ýmsum kennsluaðferðum. Nefndin leggur því sérstaka áberzlu á kennsluæfingar og ætlar þeim mikið rúm. Ættu þær helst að fara fram í sérstökum æfingaskóla undir handleiðslu reyndra og góðra barnakennara.

18. Æfing og starf.

Æfing og starfsreynsla verður að haldast í hendur við hina vísindalegu þekkingu. Þótt uppeldisdeild beri að sjálfsgöðu að gera vísindalegar rannsóknir og nemendur eigi að hljóta þar vísindalega menntun, þá má ekki miða kennsluna við það, að gera nemendur að vísindamönnum eingöngu, heldur fyrst og fremst að kennurum og leiðtogum æskulýðsins og leiðbeinendum foreldra og almennings um uppeldismál. Hinu uppeldisfræðilega námi kennaraefna við háskólann er ætlaður hinn styttri tími, sem nægi til þess, að svo megi verða. Þótt kennaraefni hafi lokið há-

skólaprófi í uppeldisfræði, er samt ekki tryggt, að hann sé þegar fær um að starfa sjálfstætt sem kennari. Verður þess sérstaklega að gæta hér, þar sem kennarar eru víðast fáir við hvern skóla og einangraðir eftir að kemur út í kennslustarfið og erfitt að koma við kennslueftirliti. Er því ráðlegt, að kennarar starfi fyrst til reynslu í góðum skóla, þar sem þeir geti notið leiðbeininga sér reyndari kennara.

19. Leiðirnar skiptast.

Í háskólanum skiptast fyrst leiðir kennaraefna. Þó öðrum sé ekki gert að skyldu að sækja menntaskóla kennara en barna- og unglíngakennaraefnum, þá er samt líklegt, að flestir væntanlegir kennarar velji þá leiðina, og hvort sem er, þá er leið allra samhliða allt til lokanáms og veldur engum klofningi í skólamálum landsins. En í háskólanum verður að gera mismunandi kröfur, eftir því hverskonar kennarastarf liggur fyrir kennaraefnunum.

20. Barnakennarar.

Barnakennarar þurfa, þó einkennilegt virðist við fyrsta álit, mesta menntun í uppeldisvísindum, að undanteknum sjálfum háskólakennurunum í uppeldisvísindum. Lýðskólakennarar þar næst, og geta þeir um flest fylgzt með barnakennurum í þeirri grein. En til kennara við æðri skóla eru minnstar kröfur gerðar í uppeldisfræðum. Því nær sem dregur því aldursskeiði, sem kennarinn er sjálfur á, því minni áherzlu má leggja á hin sálfræðilegu vísindi, en að sama skapi eykst þörfin á vísindalegu námi í kennslugreinum. Barnakennarar þurfa að vera nokkuð jafnvígir í kennslugreinum, og valda þeim öllum eftir þeim kröfum, sem gerðar eru í barnaskólum. Þó er þeim ætlað í menntaskóla kennara að hafa kjörgrein, er þeir leggi sérstaka áherzlu á, og í háskólanum eina sérgrein, sem þeir séu prófskyldir í. Hver maður hefir gott af að afla sér viðtækari þekkingar í einni grein en öðrum, ekki sízt þegar lífsstarfið togar í áttina til fjölbekkingar með þeim ókostum, er henni fylgja.

21. Unglíngakennarar.

Lýðskólakennarar þurfa aftur allmikillar sérfræði í sínum kennslugreinum, og þó venjulega að kenna ekki færri en tvær til þrjár námsgreinar. Því er þeim ætlað mun lengra háskólanám. Eftir því sem háskólinn eflist og starf hans tekur yfir fleiri verksvið, því hæfari verður hann til að fullnægja þessu viðfangsefni. Og þó nokkuð mundi nú á skorta um getu hans til að veita margháttaða sérfræðslu, þá má fastlega gera ráð fyrir, að hann verði að fimm árum liðnum fær um að inna það verkefni af hendi. Háskólinn þarf að verða þjóðskóli, sem sinnir öllum verkefnum þjóðarinnar og notar sér krafta góðra sérfræðinga, sem vól er á við aðrar stofnanir í Reykjavík.

22. Aðrir kennarar.

Um nauðsyn á uppeldisfræðinámi fyrir sérfræðinga, sem stunda kennslu við sérskóla og æðri skóla, getur engum blandast hugur, og er rétt að gera þar sömu kröfur og nú eru gerðar í flestum menningarlöndum. En um menntun háskólakennaranna í uppeldisvísindum tjáir ekki að setja reglur, heldur verður að treysta á, að hinir hæfustu menn veljist til þess á hverjum tíma. Þar er úr hópi allra kennaramenntaðra manna að velja.

23. Kennsluæfingar.

Nefndinni er það ljóst, að það væri mikill kostur, ef hægt væri að koma upp nýtzíku skóla fyrir kennsluæfingar í sambandi við menntaskóla kennara og heimspékideild háskólans, en það mundi kosta mikið fé og verður að bíða betri tíma. Enda má vinna stórfellt gagn með þeim ódýru breytingum, sem nefndin leggur til að gerðar verði á menntun kennara, og notast þó við svipaða æfingakennslu og nú er haldið uppi og aukið samstarf við barnaskólana í Reykjavík. Má og vera, að slíku samstarfi mætti koma svo fyrir, að það yrði til frambúðar. Hefir það sumstaðar gefizt vel með öðrum þjóðum.

24. Kostnaður.

Þær tillögur, sem nefndin hefur gert í frumvarpi sínu, eru mikilsverðar fyrir kennarastéttina og allt skóla- og upplýsingastarf þjóðarinnar, en kostnaðarlitlar fyrir ríkið. Það er ekki á öllum sviðum, sem hægt er að vinna mikið gagn með litlum tilkostnaði. Nota má hús núverandi kennaraskóla að miklu leyti þangað til annað betra er byggt. Kennaraskólinn myndi lengjast um eitt ár frá því, sem nú er, og kostnaðarauki við stofnun „menntaskóla kennara“, með fjórum ársdeildum, verður því sem næst kostnaður við rekstur eins þekktar. Þessi kostnaðarauki kemur þó ekki fram fyrr en liðin eru þrjú ár frá því að breytingin kemst í framkvæmd, því að skólinn verður ekki skipaður fjórum ársdeildum fyrr en á fjórða kennsluári. Um heimspekideild háskólans hefur nefndin áætlað, að bæta þyrfti við tveim prófessorum í upplýsingavísindum, þar eð núverandi prófessor í forspjallsvísindum gæti haft með höndum kennslu í almennri sálarfræði og auk þess annazt kennslu að einhverju leyti í upplýsingavísindum. Sá viðbótarkostnaður kæmi ekki til fyrr en eftir fimm ár. Nú stendur yfir bygging háskóla, og hefur byggingarnefnd í samráði við þessa nefnd áætlað upplýsingafræðikennslunni fullnægjandi húsnæði, sem ætla má að verði tilbúið eigi síðar en kennslan hefst eftir frumvarpi nefndarinnar. Og aðrar þarfir, svo sem endurbætur á skólahúsum, æfingaskóli o. fl., eru jafnríkar hvort sem frumvarp nefndarinnar verður að lögum eða ekki.

Aðalkostnaðaraukinn fellur á þá barna- og unglingakennara, sem búa sig undir kennslustörf. En það hefur verið svo á voru landi, að fátækir og efnilegir menn hafa brotist áfram við skólanám innanlands, ekki síður en aðrir, og er sá skóli, sem felst í lífsbaráttu hins unga manns, ekki sízt fallinn fyrir þá, sem eiga að verða leiðtogar þjóðarinnar í upplýsingamálum í hennar örðugu baráttu. Ekki hefur barnakennarastéttin sjálf talið eftir þann erfiðisauka, því mest fyrir hennar framkvæði hefur þetta mál verið upp tekið.

25. Fylgiskjöl.

Að öðru leyti vísar nefndin til frumvarps til laga um menntun kennara og þessara fylgiskjala:

1. Tillögur um skipulag, inntökuskilyrði og námsefni í menntaskóla kennara, samdar af nefndinni.
2. Frumvarp til reglugerðar um nám og próf kennaraefna við Háskóla Íslands, samdar af nefndinni.
3. Tillögur um menntun kennara, gerðar síðastliðið haust að tilblutun fræðslumálastjórnarinnar af dr. Matthíasi Jónassyni.
4. Tillögur fulltrúaþings S. Í. B. 1935, um menntun kennara.

Fylgiskjal I.

Tillögur um skipulag, inntökuskilyrði og námsefni í menntaskóla kennara.

I. KAFLI

Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Það er markmið skólans að veita nemendum almenna menntun til undirbúnings háskólanámi í upplýsingavísindum, svo og að veita þeim nokkra sérmenntun í því, sem snertir upplýsingafræðikennslu. Náminu öllu skal boga svo, að það sé hagnýtur undirbúningur fyrir þá, sem kennslustörf eiga að stunda.

2. gr.

Í skólanum eru fjórar ársdeildir. Hann er jafnt fyrir konur sem karla.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

3. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 15 ára um næstu áramót, en nemendur, sem teknir eru í aðra bekki, séu ári eldri fyrir hvern bekk.
2. Að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið, eða önnur þau lýti, sem geri hann sjálfan síðar óhæfan til kennarastarfa.
3. Að nemandi sé óspilltur að siðferði.

4. gr.

Til þess að verða tekinn í 1. bekk verður nemandi að hafa staðizt inntökupróf, sem samsvarar gagnfræðaprófi menntaskólanna, eða að hafa gagnfræðaprófsskírteini frá þeim skólum. Ef fleiri nemendur standast inntökupróf en hægt er að taka, skulu nemendur búsettir utan kaupstaða að jafnaði ganga fyrir, en að öðru leyti skulu einkunnir ráða.

Skólastjóri úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólans verður nemandi að hafa staðizt gagnfræðapróf og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, sem hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, sem skólastjóri tekur gild, að hann hafi numið allt það, sem kennt er í þeim bekkjum skólans, sem hann kann að hafa hlaupið yfir.

III. KAFLI

Um kennsluna.

6. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar:

Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, dönsku, ensku, þýzku, stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, náttúrufræði og heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristinfræði og siðfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, teiknun, skrift, handavinnu, söng og iþróttir.

7. gr.

Skipta skal kennslustundum milli námsgreina og bekkja sem næst því, er hér segir:

Kennslugreinar	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár	alls
Íslenzka og íslenzkar bókmenntir	5	5	4	4	18
Danska (og sænska)	4	4	„	„	8
Enska	5	5	„	„	10
Þýzka	„	„	5	5	10
Stærðfræði	3	3	3	3	12
Eðlisfræði og efnafræði	„	„	4	4	8
Náttúrufræði (og heilsufræði)	3	3	3	2	11
Landafræði	2	2	„	„	4
Saga og félagsfræði	3	3	3	3	12
Kristinfræði og siðfræði	„	„	2	2	4
Kennslufræði	„	2	2	2	6
Kennsluæfingar	„	„	2	4	6
Teiknun	2	2	2	2	8
Skrift	1	1	„	„	2

Kennslugreinar	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár	alls
Handavinna	2	2	2	2	8
Söngur	2	2	2	1	7
Íþróttir	2	2	2	2	8
Samtals	34	36	36	36	

8. gr.

Námsefni og markmið kennslu skal vera sem hér segir:

1. **Íslenska:** Nemendur skulu öðlast glöggan skilning og ýtarlega þekkingu á sem flestum greinum íslenzkrar tungu og þróun hennar frá landnámsöld. Þeir skulu geta notað hana lýtalaust, bæði í ræðu og riti. Þeir skulu nema allýtarlega íslenska málfræði, hljóðfræði, beygingafræði og setningafræði, ásamt ágrípi af orðmyndunarfræði, og aðalatriði bragfræðinnar. Taka skal tillit til forn máls og mið máls, og hafa hliðsjón af skyldum málum, einkum þeim germönsku.

Nemendur skulu lesa vandlega úrval íslenzkra bókmennta í bundnu máli og óbundnu, og skal einkum lögð áherzla á forn bókmenntirnar og bókmenntir eftir 1800. Kosta skal kapps um, að nemendur kynnist sem flestum tegundum ritaðs máls. Til þess að ná því marki, skal einnig láta nemendur hraðlesa langa kafla eða heil rit, og skal þá sérstaklega vekja athygli þeirra á efni þess, sem lesið er, og meðferð höfundanna á því. Einnig skulu þeir þekkja aðaldrætti íslenzkrar bókmenntasögu frá upphafi og fram á vora daga.

Ritgerðir skulu gerðar svo oft sem þurfa þykir til þess, að nemendur verði sémilega rittærir, og skulu þær vera um efni við hæfi nemenda, þar á meðal þýðingar úr erlendum málum.

2. **Danska:** Nemendur skulu læra að lesa málið með sémilegum og áherzlu-réttum framburði og tala það og rita sémilega. Þeir skulu lesa svo mikið af dönsku máli, óbundnu og bundnu, að þeir verði vel læsir á nútíðarbókmenntir Dana. Þeir skulu kynast ýmsum tegundum ritaðs máls, svo að þeir geti orðið læsir á algengar danskar fræðibækur. Jafnframt skulu þeir fræðast um merkustu rithöfunda Dana á seinni tímum. Málfræði skulu þeir læra nokkru ýtarlegri en í gagnfræðaskólum. Skriflegar æfingar skulu þeir gera svo margar, að þeir geti villulítið snúið úr íslenzku á dönsku stuttum kafla, hæfilega þungum, og samið stutta ritgerð á dönsku almenns efnis. Lesa skal a. m. k. eitt danskt rit um uppeldisfræðilegt efni.

Gefa skal nemendum kost á að læra sænskan framburð eða norskan og venjast við að hagnýta sér sænskar bækur og norskar.

3. **Enska:** Nemendur skulu lesa svo mikið af venjulegu ensku nútíðarmáli, aðallega óbundnu máli, að þeir geti kallazt sémilega læsir á ensku. Þeir skulu og nema góðan framburð og helztu atriði enskrar málfræði. Talæfingar, endursagnir og stíla skulu þeir hafa eftir því, sem við verður komið. Lesa skal a. m. k. eitt rit á ensku um uppeldismál eða kennslu.

4. **Þýzka:** Nemendur skulu lesa svo mikið af ýmislegu þýzku máli, óbundnu og bundnu, að þeir verði sémilega læsir á almennt nútíðarmál. Þeir skulu læra góðan framburð og aðalatriði þýzkrar málfræði. Ennfremur skal hafa talæfingar, endursagnir eða annað því líkt, eftir því, sem tími vinnst til. Lesa skal á þýzku a. m. k. eitt rit um uppeldismál eða kennslu.

5. **Stærðfræði:** Nemendur skulu læra stærðfræði og æfast í réttri hugsun. Skal fyrst fara rækilega yfir undirstöðuatriði námsefnis gagnfræðaskólanna. Síðan skulu nemendur læra algebru og geometriu og ágríp af hagnýtri stærðfræði.

Ennfremur skulu nemendur læra undirstöðuatriði venjulegrar bókfærslu og kunna að gera yfirlit um efnahag, tap og gróða.

6. Eðlisfræði og efnafræði:

I. Eðlisfræði: Nemendur skulu fá nokkra þekkingu á ýmsum helztu lögmálum eðlisfræði, einkum þeim, er styðja náttúrufræðinám. Þeir skulu læra ágríp af

varmafræði og rafmagnsfræði og gera einfaldar mælingar. Þeir skulu og fá fræðslu um helztu aflvélar og rafmagnsvélar.

II. Efnafraði: Nemendur skulu læra um atóm og mólekúl og verða leiknir í að nota táknmál efnafraðinnar um einfaldar efnabreytingar og reikna út þyngdarhlutföll og rúmmálshlutföll. Þeir skulu og læra um eðli efna og efnabreytingar. Kennslan skal styðjast við tilraunir, er nemendur hafi séð eða sjálfir gert, eftir því sem við verður komið.

7. Náttúrufræði og heilsufræði: Nemendur skulu kynna merkustu lögmálum og fyrirbrigðum náttúrunnar og fá skilning á gildi náttúruvísindanna fyrir atvinnu-hætti manna og líf. Þeir skulu nema ágríp af: 1) jarðfræði, einkum jarðfræði Íslands, svo og 2) eðlislýsingu lofta og sjávar, hvorttveggja með sérstöku tilliti til Íslands, 3) lífeðlisfræði, með tilliti til heilsufræði, og 4) almennri líffræði. Nemendur skulu hafa lært helztu atriði heilsufræðinnar með hliðsjón af því, sem við kemur hollustuháttum í skólum. Auk þess skulu þeir hafa lært og iðkað að nokkru hjálp í viðlögum.

8. Landafraði: Nemendur skulu læra mjög ýtarlega lýsingu Íslands. Því næst skulu þeir læra á sama hátt lýsingu eins af nágrannalöndunum, og skal hún að jafnaði lesin á máli þeirrar þjóðar, sem landið byggir. Loks skal hraðlesin handbók fyrir kennara í almennri landafraði.

9. Saga og félagsfræði: Nemendur skulu fá ljóst yfirlit yfir sögu íslensku þjóðarinnar frá elztu tímum í sambandi við almenna sögu. Þeir skulu og nema almenna mannkynssögu, allmiklu ýtarlegri en í gagnfræðaskólum. Einkum skal lögð áhersla á, að þeir fái glöggan skilning á andlegri, efnalegri og félagslegri þróun og geti rakið helztu söguleg orsakasambönd. Jafnframt skulu þeir kynna merkustu viðburðum og mönnum, sem dýpst spor hafa markað í sögunni. Í sambandi við það skulu þeir fá yfirlit yfir helztu stefnur í uppeldismálum og vita deili á merkustu skólafrömuðum. Bæði í Íslandssögu og almennri sögu skal einkum lögð áhersla á tímabilið frá miðri 18. öld til vorra daga. Í félagsfræði skulu nemendur fá yfirlit yfir stjórnarskipun Íslands, stjórn sveita og bæja og skipulag atvinnumála, fjármála og félagsmála. Auk þess skulu þeir, eftir því sem tími vinnst til, kynna stjórnarskipun ýmissa annara menningarrikja.

10. Kristinfræði og siðfræði: Nemendur skulu hafa yfirlit um bækur biblíunnar, einkum nýja testamentisins, og vita um efni þeirra í aðaldráttum og hafa farið yfir eitt guðspjall með skýringum. Ennfremur skulu þeir vita höfuðdrætti um útbreiðslu kristindómsins og sögu hans, og þó einkum mismunandi trúarskoðanir nútímans innan kristinnar. Í sambandi við það skulu þeir hafa fengið stutt yfirlit um önnur helztu trúarbrögð í heiminum og vita höfuðmun þeirra og kristinnar trúar. Loks skal þeim kennt ágríp af almennri siðfræði.

11. Kennslufræði: Nemendur skulu vita um helztu kenningar uppeldisfræðinnar og merkustu skólahreyfingar, aðallega nú á tímum. Þeir skulu hafa kynnt kennsluáðferðum og öðru því, er kennsla snertir, svo sem efnisvali og efnismeðferð, eftir þroskastigum barnsins. Þeir skulu hafa numið yfirlit um kennslutilhögun í hverri námsgrein, sem kennd er í harnaskólum hér, og hafa kynnt sér helztu gildandi lög og reglur um kennslu og skólamál. Þeir skulu hafa kynnt sér helztu prófaðferðir og lært að semja skýrslur og halda bækur þær, sem í skólum tíðkast.

12. Kennsluæfingar: Kennsluæfingar skulu fara fram í sérstökum barnaskóla, þegar þess er kostur. Eigi mega þar vera færri en þrjár deildir, og sé ein þeirra smábarnadeild, en hinar fyrir eldri börn. Sé þess kostur, skal fjölga deildum skólans, unz hann er orðinn fullkominn barnaskóli með öllum ársdeildum.

Kennaraefni öll skulu sækja kennsluæfingar bæði í smábarnakennslu og kennslu eldri barna.

Í æfingastundunum skulu nemendur bæði hlusta á kennslu hjá æfingakennurum og einnig kenna sjálfir undir handleiðslu þeirra. Þeir skulu og vandir við að prófa börnin og gera ýmsar athuganir, sem að gagni mega koma við kennslu.

Ennfremur skal kennaraefnum gefinn kostur á, eftir því sem ástæður frekast leyfa, að heimsækja barnaskóla bæjarins og hlýða þar á kennslu og kynnast skólastarfseminni yfirleitt.

13. **Teiknun:** Nemendur skulu læra að teikna flatarmyndir og margflötunga og öðlast hugmynd um rúmsæi (perspektív) í sambandi við það. Ennfremur skulu þeir læra um meðferð lita, samsetningu þeirra, afstöðu og áhrif, svo og gerð (komposition) mynda og helztu lögmál um línur og fleti. Auk þess skulu þeir leiknir í að draga upp kúrtateikningar á töflu, sem að gagni megi koma við kennslu, svo sem myndir úr dýrafræði, plöntufræði, jarðfræði, áttthagafræði og öðrum námsgreinum, sem auðvelt er að styðjast við teikningar til skýringar. Skal þess gætt, að nemendur æfist sem mest í að hagnýta teiknikunnáttu sína á sem flestum sviðum kennslunnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á það, að nemendur læri beztu aðferðir við teiknikennslu barna, svo og val verkefna við þeirra hæfi.

14. **Skrift:** Nemendur skulu hafa leikni í að skrifa skýra og læsilega rithönd með sáemilegum hraða. Ennfremur skulu þeir hafa lært helztu aðferðir við skriftarkennslu og undirbúning hennar og hafa leikni í að beita þeim.

15. **Handavinna:** Nemendur skulu hafa lært að iðka þá tegund handavinnu, sem hæfust er til kennslu í barnaskólum á hverjum tíma, og kunna að beita heppilegustu aðferðum við slíka kennslu. Allir nemendur skulu læra þau vinnubrögð, sem notagildi hafa í smábarnakennslu. Að því loknu skulu stúlkur nema hannyrðir, svo sem þrjón, saum og handvefnað, en piltar skólasmíði, bæði trésmíði og málm-smíði. Kennslan öll skal miða að því tvennu, að gera nemendurna sjálfa leikna í vinnubrögðunum og hæfa til að kenna þau.

16. **Íþróttir:** Nemendur skulu iðka líkamsæfingar eftir visindalegu kerfi, svo og íþróttir og leiki, eftir aldri þeirra og þroska. Skal leggja áherzlu á að halda við og efla líkamsþroska nemenda og vekja áhuga og skilning á líkamsrækt og hreinlæti.

Allir nemendur skulu læra sund.

Þeir nemendur, sem kennarapróf vilja taka í leikfimi, verða að geta leikið fyrir allar venjulegar æfingar, skipað fyrir, leiðrétt aðra og stjórnað þeim, og borið skyn á rétta tilhögun æfinga og val þeirra. Þeir skulu og kunna leikreglur og leiki við hæfi barna og geta stjórnað hópleikjum þeirra.

9. gr.

Í verklegu greinunum öllum, teiknun, skrift, handavinnu, söng og í íþróttum, skal ekki aðeins leggja áherzlu á það, að nemendur nái nauðsynlegri kunnáttu og leikni, heldur jafnframt á hitt, að þeir verði sem hæfastir til að kenna þær síðar meir. Skulu þeir því kynnast vandlega kennsluáðferðum og vali verkefna við hæfi barna á mismunandi aldri. Ennfremur skal kenna þeim að athuga og meta gildi þessara námsgreina, bæði notagildi þeirra almennt og svo uppeldisgildi þeirra.

10. gr.

Um önnur atriði, svo sem próf, einkunnagjafir, stjórn skólans, skólatíma o. fl., er ætlazt til, að farið verði sem næst því, sem ákveðið er í reglugerð fyrir lærdómsdeild menntaskólans í Reykjavík, að breyttu því, sem breyta þarf.

Athugasemdir.

Tillögur þessar ná aðallega til þriggja atriða: 1) Skipulags skólans í höfuðdráttum, 2) inntöku í skólann og 3) námsefnis og meðferðar á því.

1. Sú breyting, sem felst í fyrsta atriðinu, er aðallega sú, að í stað núverandi kennaraskóla komi fjöggra ára menntaskóli; auk þess mun það leiða af sjálfu sér, að námstími lengist árlega a. m. k. um mánuð, ef þessi skóli á, eins og ráðgert er, að starfa hliðstætt við lærdómsdeildir menntaskólanna.

2. Annað atriðið er um inntöku í skólann. Er þar ráðgert, að inntökuskilyrði séu hin sömu og í lærdómsdeid menntaskólanna, þ. e. gagnfræðapróf eftir tveggja ára nám. Munurinn á þessum kröfum og þeim, sem nú eru gerðar inn í kennaraskólann, eru ekki ýkjamiklar. Og þessum kröfum ætti að vera unnt að fullnægja í hér- aðs- og gagnfræðaskólunum. Sennilega mundi til þess þurfa sérstök námskeið, en ekki ættu þau að þurfa að rekast á við aðalkennsluna í þeim skólum. Nefndin hefir hugsað sér, að settar verði sérstakar reglur um gagnfræðapróf, þannig að samræmdar verði kröfur undir það, hvar svo sem námið fer fram. Auk þess, sem slíkt gagnfræðapróf veitti réttindi til inntöku í lærdómsdeildir menntaskólanna og í menntaskóla kennara, mundu sjálfsgagt ýmsir sérskólar gera það að inntökuskilyrði með tíð og tíma.

Æskilegt væri, að sérstök prófstofnun eða stofnanir hefðu á hendi framkvæmd gagnfræðaprófsins, svo að fullt samræmi næðist. Meðan svo er ekki, verður gagnfræðapróf menntaskólanna og samsvarandi inntökupróf við menntaskóla kennara að koma í þess stað.

3. Nefndin hefir hér gert tillögur um, hverjar námsgreinar skuli kenna og hve mikið í hverri. Borið saman við kennslu í núverandi kennaraskóla er aðalbreyt- ingin sú, að kenna skal bæði ensku og þýzku, í stað annars málsins. Þá er einnig aukin kennsla í mörgum greinum, sérstaklega í íslenzku og stærðfræði. Hinsvegar yrði í þessum skóla minna kennt í uppeldisfræði og kennsluæfingum, enda á háskólinn að taka þar við.

Séu tillögur nefndarinnar aftur á móti bornar saman við reglugerð mennta- skólans um námsefni lærdómsdeildanna, kemur í ljós, að munurinn er þrennskonar.

Í fyrsta lagi eru námsgreinar ekki þar sömu. Ber þar mest á því, að latínu og frönsku er sleppt. Í þess stað eru fimm námsgreinar, sem ekki eru kenndar í lærdómsdeildum menntaskólanna, en allar nauðsynlegar kennaraefnum.

Í öðru lagi er mismunandi stundafjöldi ætlaður í þeim greinum, sem sameigin- legar eru, eins og sjá má á meðfylgjandi töflu yfir vikulegan stundafjölda í náms- greinum beggja lærdómsdeilda menntaskólanna og menntaskóla kennara. Í tillög- um nefndarinnar er þar farið bil beggja milli máladeildar og stærðfræðideildar. Þannig eru t. d. í menntaskóla kennara áætlaðar fleiri stundir í íslenzku en bæði í máladeild og stærðfræðideild, enda er til þess ætlazt, að kennaraefni fái rækilegt yfirlit yfir bókmenntir þjóðarinnar, en færri stundir eru í þýzku en í báðum deild- um menntaskólans. Í ensku eru áætlaðar færri stundir en í máladeild, en fleiri en í stærðfræðideild; í stærðfræði fleiri stundir en í máladeild, en færri en í stærð- fræðideild o. s. frv.

Í þriðja lagi gerir nefndin ráð fyrir, að allar námsgreinar í þessum skóla verði kenndar með sérstöku tilliti til þess, að nemendurnir eigi síðar að kenna þær sjálf- ir. Má í því sambandi benda á, hve nauðsynlegt það er, að öll undirstöðuatríði séu lærð sem vandlegast. Sennilegt er, að óhjákvæmilegt reynist að rifja upp sumt af námsefninu undir gagnfræðapróf samhliða framhaldskennslunni. Ennfremur verða kennarar í þessum skóla að geta bent nemendum á mismunandi kennsluáðferðir í námsgreinum sínum, gefið leiðbeiningar um efnisval og meðferð námsgreina fyrir börn og unglínga, og yfirleitt verða þeir að leggja sérstaka áherzlu á allt það, sem hagnýtt geti orðið verðandi kennurum.

Höfuðmunur þessa skóla og almennra menntaskóla verður þá sá, að sleppt er hér þeim námsgreinum (latínu og frönsku), sem ekki teljast nauðsynlegar til undir- búnings háskólanámi kennara, en í þeirra stað um 30 vikulegar stundir í greinum, sem annaðhvort eru ekki kenndar eða mjög lítið í almennum menntaskólum, svo sem teiknun og handavinnu o. fl., sem eru kennaraefnum mjög áriðandi náms- greinar. Ennfremur á kennslan öll í þessum skóla að vera sniðin frá upphafi eftir þörfum verðandi kennara, og svo hagnýt fyrir þá í alla staði sem frekast má verða.

	Máladeild	Stærðfræðid.	Kennarad.
Íslenska	13	13	18
Danska	6	6	8
Enska	17	8	10
Þýzka	14	13	10
Saga	12	10	12
Kristinfræði	1	1	4
Náttúrufræði	9	11	11
Eðlisfræði	7	21	8
Stærðfræði	10	21	12
Söngur	4	4	7
Leikfimi	12	12	8
Teiknun	2	„	8
Stjörnufræði	„	2	„
Bókfærsla	2	„	„ ¹⁾
Franska	11	11	„
Latína	19	4	„
Kennslufræði	„	„	6
Kennsluæfingar	„	„	6
Landfræði	„	„	4
Handavinna	„	„	8
Skrift	„	„	2

Fylgiskjal II.

Frumvarp til reglugerðar um nám og próf kennaraefna við Háskóla Íslands.

Í heimspekideild Háskóla Íslands skal haldið uppi kennslu í uppeldisvísindum, sem hafi það markmið, að veita kennaraefnum, er nám stunda við háskólann, sem allra fullkomnasta uppeldismenntun.

A. Starfssvið og kennslutilhögun.

Í uppeldisdeild ber að kenna:

- Almenna lífeðlisfræði og sálarfræði, sálarfræði barna og unglinga, heilbrigðra, sálsjúkra og vangefinna barna.
 - Visindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisfræðinnar, sögu uppeldisins, einkum hér á landi, og uppeldislega siðfræði og félagsfræði.
 - Almenna kennslufræði, aðferðir í einstökum kennslugreinum og kennsluæfingar.
- Kennslan fer fram í fyrirlestrum, tilraunum og æfingum. Sérstaka áherzlu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.
- Uppeldisdeild, sem er einn hluti heimspekideildar, starfar í náinni samvinnu við aðrar stofnanir innan háskólans, einkum heimspekideild (norænudeild), guðfræðideild, atvinnudeild og læknadeild. Ef þörf krefur, er uppeldisdeild heimilt að snúa sér til menntastofnana utan háskólans um fræðslu í þeim greinum, sem ekki eru kenndar í háskólanum.

B. Um menntun kennara.

Uppeldisdeild Háskóla Íslands annast menntun barnakennara, gagnfræða- og héraðsskólakennara og mennta- og sérskólakennara í uppeldisvísindum. Námstími fyrir barnakennara skal vera minnst 4 missiri, fyrir gagnfræða- og héraðsskóla-

1) Að nokkru leyti innifalið í stærðfræði.

kennara minnst 7 missiri, en tveggja missira nám fyrir þá, sem lokið hafa háskóla-prófi í einhverri sérgrein, er þeir síðar ætla að kenna í menntaskólum og sérskólum.

Rétt til að innritast í uppeldisdeild háskólans hefir hver sá, sem lokið hefir stúdentsprófi við menntaskóla kennara, eða almennu stúdentsprófi.

Almennir stúdentar verða þó að hafa aflað sér, eða afla sér á námstima sínum í háskólanum, viðbótarfræðslu, sem svarar til kennarastúdentsprófs, eftir þeim reglum, er þar um verða settar. Ennfremur hafa eldri kennarar rétt til að stunda háskólanám í uppeldisvísindum og segja sig til prófs, ef háskólakennarar leyfa.

I. Barnakennarar.

1. Auk uppeldisvísinda þeirra, sem tilgreind eru undir A, 1. a, b og c, ber nemandi að stunda nám í einni sérgrein, sem kennd er í háskólanum eða háskólinn útvegar kennslu í. Skal hún valin þannig, að hún geti orðið kennslugrein í barnaskóla síðar.
2. Nú bregður nemandi vali námsgreinar, og skal þá hin nýja grein talin gild til prófs, ef hann hefir stundað hana eigi skemur en þrjú missiri.
3. Skylt er nemandi að sækja reglulega fyrirlestra, æfingar og tilraunir, og ákveður kennarinn í hverri námsgrein fyrir sig, í lok hvers missiris, hvort þátttaka nemandans hafi verið fullnægjandi, en viðkomandi kennarar ákveða, hvort missirið skuli teljast fullgilt til undirbúnings prófinu.

II. Gagnfræða- og héraðsskólakennarar.

1. Auk uppeldisvísinda þeirra, sem tilgreind eru undir A, 1. a, b og c, ber nemandi að stunda nám í tveim sérgreinum, sem kenndar eru í háskólanum. Skal ein greinin vera aðalgrein, en hinar aukagreinar.
2. Heimilt er að velja uppeldisvísindi sem aðalgrein. Að öðru leyti ákveður heimspékideild, hvaða greinar megi velja saman.
3. Nú bregður nemandi vali námsgreina, og hefir hann þá rétt að segja sig til prófs, ef hann hefir stundað aðalgrein 6 missiri og aukagreinar 5 missiri.
4. Skylt er nemandi að sækja reglulega fyrirlestra, æfingar og tilraunir, og ákveður kennarinn í hverri námsgrein fyrir sig, í lok hvers missiris, hvort þátttaka nemandans hafi verið fullnægjandi, en viðkomandi kennarar ákveða sam-eiginlega, hvort missirið skuli teljast fullgilt til undirbúnings prófinu.

III. Sérskóla- og menntaskólakennarar.

Skylt er þeim mönnum, sem lokið hafa háskóla-prófi, héraðs eða erlendis, og ætla sér að gerast kennarar í prófgreinum sínum við sérskóla eða æðri skóla, og ekki hafa lokið prófi í uppeldisvísindum annarsstaðar, að stunda nám í uppeldisvísindum hér við háskólann minnst tvö missiri.

C. Um æfingaskóla og æfingakennslu handa kennurum.

I. Barnakennarar.

1. Þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, skal settur á stofn sérstakur æfingaskóli, þar sem börnum er kennt frá 7--14 ára aldurs. En á meðan ekki er kostur á sérstökum æfingaskóla, fer æfingakennslan fram í þeim barnaskólum, sem völ er á.
2. Í æfingaskólanum skulu grundvallaratriði kennslunnar skýrð fyrir kennaraefnunum í sambandi við kennslufræði þá, sem kennd er við háskólann. Kennaraefnum skal og gefinn kostur á að æfa sig í kennslutilraunum og í kennslu undir handleiðslu reynds kennara.
3. Að loknum almennum kennsluæfingum skal hver kennari stunda kennslustörf um nokkurt skeið undir handleiðslu góðs kennara.

II. Gagnfræða- og héraðsskólakennarar.

1. Kennsluæfingar gagnfræða- og héraðsskólakennaraefna skulu fara fram í gagnfræðaskólum þeim og héraðsskólum, sem til næst.
2. Kennaraefni er ekki skylt að sækja kennsluæfingar 4 fyrstu missirin. En skylt er að þeim tíma loknum að stunda kennsluæfingar a. m. k. tvö missiri og takast sjálfur á hendur kennslu í aðalkennslugrein sinni um nokkurt skeið, undir handleiðslu reynds kennara.
3. Hafi kennaraefni lokið kennsluæfingum þessum á viðunandi hátt, svo sem vottorð æfingakennara vitnar, og að öðru leyti fullnægt kröfum háskólans, hefir hann rétt að segja sig til prófs.

III. Sérskóla- og menntaskólakennarar.

Þau kennaraefni, sem lokið hafa háskólaprófi í einhverri sérgrein, en ekki hafa tekið próf í uppeldisvísindum, skulu stunda kennsluæfingar í sérgrein sinni um nokkurt skeið, í sérskóla eða menntaskóla, undir handleiðslu reynds kennara, og skal hann að því loknu gefa vottorð um kennarahæfileika þeirra.

D. Um próf.

I. Barnakennarar.

1. Að loknu 4 missira námi við Háskóla Íslands hefir kennaraefni rétt til að segja sig til prófs.
2. Prófið hefst með því, að prófdómendur gefa nemanda verkefni til ritgerðar í sálarfræði, uppeldisfræði eða kennslufræði, og skal honum til úrlausnar þessu verkefni ætlaður fjögur til sex vikna tími. Er nemanda heimilt á næstsíðasta námsmissiri sínu að láta í ljós óskir sínar um, hvort úrlausnarefni aðalritgerðar hans sé tekið úr sálarfræði, uppeldisfræði eða kennslufræði.
3. Auk þessarar aðalritgerðar ber nemanda að semja tvær styttri ritgerðir án hjálpargagna (clausur) á 4–6 klukkustundum, og sé annað úrlausnarefnið úr sérgrein hans (t. d. íslenzku eða sögu), en hitt úr uppeldisvísindum.
4. Þegar nemandi hefir skilað ritgerðum sínum, skal hann þreyta munnlegt próf í ofangreindum 4 námsgreinum, á þeim tíma, sem deildin ákveður.
5. Nú hefir nemandi staðizt kennarapróf með því einkunnastigi, sem krafizt er, og hefir hann þá rétt til að starfa sem kennari við barnaskóla ríkisins (shr. þó ákvæðin um reynslustarf kennara).

II. Gagnfræða- og héraðsskólakennarar.

1. Að loknu 7 missira námi við háskólann hafa kennaraefni gagnfræða- og héraðsskóla rétt til að segja sig til prófs.
2. Auk uppeldisvísinda skulu kennarar þreyta próf í tveim sérgreinum.
3. Próf hefst með því, að prófendur gefa nemanda verkefni til tveggja ritgerða, og skal annað jafnan valið úr uppeldisvísindum, en hitt úr sérgrein hans. Skal nemanda ætlaður til úrlausnar hvors verkefnis hálfur mánuður til þrjár vikur.
4. Auk þessara aðalritgerða skal nemandi þreyta skriflegt próf í þrem námsgreinum, án hjálpargagna (clausur), sex stundir í senn.
5. Þegar nemandi hefir skilað ritgerðum sínum, skal hann þreyta munnlegt próf í aðalnámsgrein sinni og tveim aukagreinum, á þeim tíma, sem deildin ákveður. Einkunnagjöf skal hagað eins og við kennarapróf í norrænum fræðum.
6. Hafi nemandi staðizt skriflegt og munnlegt próf með því einkunnastigi, sem krafizt er, hefir hann öðlazzt réttindi til að starfa við gagnfræða- og héraðsskóla ríkisins (shr. þó ákvæði um reynslustarf kennara).

III. Kennarar sérskóla og menntaskóla.

Kennaraefni, sem lokið hafa fullnaðarprófi í einhverri kennslugrein, sem kennd er hér í sérskólum eða menntaskólum, skulu prófaðir í uppeldisvísindum á þann

hátt, að þeir semja 6 stunda ritgerð án hjálpargagna (clausur) um tiltekið efni. Síðan séu þeir prófaðir munnlega í uppeldisfræði og kennslufræði. Skulu ein-kunnir gefnar fyrir skriflega og munnlega frammistöðu, en meðaltal þeirra gildir sem prófeinkunn.

E. Um reynslustarf kennara.

1. Kennaraefni barnaskóla, gagnfræða- og héraðsskóla, sem lokið hafa kennara-prófi, skulu, áður en þeir eru skipaðir fastir kennarar, starfa eitt skólaár sem reynslukennarar undir umsjá reynds kennara í góðum skóla.
2. Umsjónarmaður reynslukennara láti, að skólaárinu loknu, fræðslumálastjórn-inni í té vottorð um kennarahæfileika og ástundun hans.
3. Þyki kennarinn að einhverju leyti ekki hæfur til að starfa sjálfstætt, þykir rétt að fresta skipun hans um óákveðinn tíma.

Fylgiskjal III.

Tillögur um menntun kennara, gerðar að tilhlutun fræðslumálastjórnarinnar.

Eftir dr. Matthías Jónasson.

1. Um menntaskóla handa kennurum.

Stofna skal sérstakan menntaskóla, er húi nemendur undir sérnám við fyrir-hugaða uppeldisdeild Háskóla Íslands. Ætti stofnun skólans að fara fram eigi síðar en svo, að hann útskrifaði fyrsta árgang stúdenta jafnsnemma og væntanleg uppeldisdeild tekur til starfa. Skólinn heiti **Menntaskóli kennara**, sé fjöggra ára skóli og hafi aðsetur í Reykjavík. Skólinn skal vera heimavistárskóli.

G r e i n a r g e r ð .

Það mun nú orðið almenningi svo ljóst, að óþarft sé að skýra nánar, hve ófull-nægjandi menntun barnakennara og lýðskólakennara er. Hún samsvarar á engan hátt þeim kröfum, sem gera verður til almennrar menntunar kennara, en því síður sjálfsgöðustu kröfum til uppeldis- og sálfræðilegrar menntunar þeirra. Má öllum vera ljóst, hvílikur voði og menningarspillir slíkt ástand er þjóðinni. Fyrsta skil-yrði þess, að uppeldi harna og unglunga geti náð tilætluðum áhrifum, eru sannmennt-aðir kennarar.

Það, sem helzt hefir háð menntun kennara, er tvennt: 1. Nemendur komu svo illa undirbúnir í kennaraskólann, að verja varð mestri vinnu og lengstum tíma til að kenna þeim byrjunaratriði námsgreinanna. — 2. Kennaraskólinn hafði engin tök á því að veita kennaraefnum viðunandi menntun í uppeldis- og sálvisindum. Af hvorutveggja leiddi, að kennarar voru lítt færir í þeim greinum, sem þeim bar að kenna, og höfðu enga verulega uppeldisþekkingu.

Ofanskráð tillaga vill bæta úr hinni hrýnu þörf um bætt menntun kennara, með því að veita þeim jafngóða undirbúningsmenntun undir sérnám sitt og stú-dentar hafa almennt. Það er ekkert vafamál, að kennaraefni verða að öðlast þá al-mennu menntun, sem krafizt er til stúdentsprófs, áður en þeir geti að gagni lagt stund á uppeldisvisindi. Á þetta einkum við um oss Íslendinga, sem verðum, hverri menningarþjóð frekar, að leita framandi bókmennta um uppeldi. Auk þess ber að athuga, að Alþingi hefir gert ráðstafanir til, að kennaraefnin fái menntun sína við Háskóla Íslands. Er því stúdentspróf nauðsynlegt fyrir þá sök eina, að háskólinn veitir eigi viðtöku nemendum, sem skortir ákveðna undirbúningsmenntun. Hins-vegar er það ekkert álitamál, að nota heri kennslukrafta háskólans til menntunar kennaraefnum sem öðrum embættismönnum ríkisins.

Ofanskráð tillaga gerir ráð fyrir, að stofnaður verði sérstakur menntaskóli handa kennurum, enda geti ekki talizt heppilegt að fela undirbúningsmenntun þeirra þeim menntaskólum, sem þegar eru. Ber tvennt til þessa: 1. Hvorugur menntaskólanna hefir húsrými til þess að bæta við sig þeim 20—30 nemendum, sem árlega yrði að útskrifa sem kennaraefni handa barnaskólum. Yrði því að byggja skólahús, sem svaraði þessari fjölgun, og myndi því enginn kostnaður sparast, þótt annarhvor menntaskólinn tæki að sér að annast undirbúningsmenntun þessa. 2. Sú menntun, sem stúdentsefni menntaskólanna fá nú, getur á engan hátt talizt heppileg kennaraefnum barnaskóla. Nema stúdentar þar mjög margt, sem barnakennara er allsendis óþarft, en sleppa hinsvegar mörgu, sem má ekki án vera. Af þessu leiðir, að sérstök deild yrði að rísa upp handa kennaraefnum, er hæfist helzt með þriðja, en eigi síðar en með fjórða bekk skólans, þ. e. samtímis máladeild og stærðfræðideild. En þótt þannig yrði stofnuð sérstök deild, myndi hún naumast verða nemendum að jafngóðum notum og sérstakur skóli, en á hinn bóginn gera menntaskólann mun erfiðari og flóknari. Oss Íslendingum getur eigi verið kappsmál að eignast stóra skóla, heldur smáa skóla og ágæta. Þá er og hætt við, ef almennt stúdentapróf yrði gert að skilyrði, að úr hópi stúdenta veldust nokkuð þeir menn, sem mest gangast fyrir skömmum námstíma og sem fyrst vilja komast í stöðu.

Nú kynni einhver að álykta sem svo, að fjölgun stúdenta væri engan veginn æskileg, og báðir menntaskólarnir myndu þegar útskrifa fleiri stúdenta en þjóðin þyrfti við. Þetta er að vissu leyti rétt, ef miðað er aðeins við þá námsmöguleika, sem háskóli vor gæti boðið nú. En vér verðum að reikna með auknum náms- og starfsmöguleikum, bæði vegna fyrirhugaðrar atvinnudeildar við háskólann og enn fremur vegna þess, að uppeldisdeild mun veita mörgum stúdentum viðtöku, til að húa þá undir starf við héraðs- og gagnfræðaskóla. Er það því þegar ljóst, en mun betur sannast í framtíðinni, að stúdentafjöldinn verður ekki of mikill, þótt stofnaður yrði sérstakur skóli til undirbúningsmenntunar barnakennurum. Þetta ber eigi að skilja svo, að menntaskólarnir eigi að útskrifa ótakmarkaðan fjölda stúdenta. Auðvitað verður slíkt að miðast nokkuð við þarfir þjóðarinnar. En þótt það sé að sjálfsgöðu óhæfilegt, að háskólanámi lúki miklu fleiri en þjóðin þarfnast sem starfsmanna, er hinsvegar ekki æskilegt, að tala stúdenta verði svo lág, að leyfa verði sérhverjum aðgang að embættum ríkisins. Auk þess sem það er nauðsynlegt, að ríkið hafi svigrúm til að velja þá hæfustu úr hópnum, verður stúdentmenntun að teljast góð alþýðumenntun, jafnt körlum sem konum. Er því engin ástæða til, að hverjum stúdent gefist kostur á háskólanámi.

Heppilegt virðist, að menntaskóli kennara verði fjögurra ára skóli, sem veiti viðtöku nemendum héraðs- og gagnfræðaskóla, er hafa aflað sér þeirrar menntunar, er krefjast verður. Samkvæmt lauslegum útreikningum má áætla, að nálægt 20—30 stúdenta þyrfti árlega að útskrifa sem kennaraefni barnaskólanna, og hefði því skólinn 80—120 nemendur. Að sjálfsgöðu á skólinn að starfa í Reykjavík, með því að hvergi mun völ jafngóðra kennara. Auk þess virðist æskilegt, að hús núverandi kennaraskóla verði notað handa menntaskóla kennara, unz annað hæfilegt er byggt. Þó verður að álita nauðsynlegt, að nemendur skólans húi í heimavist. Fyrst og fremst sökum þess, að skólinn getur þannig haft sterkari uppeldisáhrif á þá en ella, en einnig til þess að forðast allt of háan námskostnað, er þorra nemenda yrði erfiður. Þess ber að gæta, að í eigin húsi þyrfti nemendum heimavist vart að verða dýrari í Reykjavík en annarsstaðar á landinu. Með því að núverandi kennaraskóli hefir eigi húsrúm til heimavistar, þyrfti ríkið að láta honum í té hentugt húsrými handa heimavist, ekki allfjarri skólanum. Í framtíðinni ber auðvitað að stefna að því, að byggja fullkomið skólahús með heimavist.

A. Inntökuskilyrði.

1. Nemandi, sem beiðist inntöku í skólann, má eigi vera yngri en 10 ára um næstu áramót. Hann skal annaðhvort hafa lokið prófi við tveggja eða þriggja vetra

gagnfræðaskóla, sem skólastjórn tekur gilda, eða standast inntökupróf menntaskóla handa kennurum. Þó er viss skólasókn ekki óhjákvæmilegt skilyrði þess, að fá að ganga undir inntökupróf.

2. Gagnfræðinga frá skólum, er jafngilda gagnfræðadeildum menntaskólanna, og náð hafa því einkunnarstigi, sem krafist er til inntöku í efri deild sömu skóla, má án sérstaks prófs taka í annan bekk menntaskóla handa kennurum. Þó skal nemandi ganga undir próf í þýzku, ef hann velur bana sem kjörgrein; sama ákvæði gildir um sænsku.

3. Það er ávallt á valdi stjórnar skólans, hvaða gagnfræðaskóla hún tekur gilda til undirbúningsmenntunar undir 1. eða 2. bekk.

4. Nemendur skólans, er ekki húa hjá nánnum aðstandendum í Reykjavík, eru skyldir að húa í heimavist skólans.

5. Fatlaða menn, menn með áberandi líkamslýti eða fráhrindandi kæki, t. d. stam eða annarskonar málhetti, daufa heyrn o. þ. u. l., ætti ekki að taka inn í skólann.

Greinargerð.

Þessi kafli þarf naumast skýringa við. Inntökualdur miðast við það, að æskumenn innan 23 ára hafi eigi öðlzt þann þroska, sem krefjast verður af kennara. Á hinn bóginn hafa fæstir unglingar — allra sízt úr sveitum — innan 15—16 ára aflað sér þeirrar undirbúningsþekkingar, er skólinn verður að krefjast. Eins er það sjálfsagt, að menntaskóli kennara skeri úr um það, hvaða skóla hann telur líklega til að fullnægja þeim kröfum, sem hann gerir um undirbúningsmenntun nemenda. Er það og heppilegast þeim nemendum, sem hafa hug á að komast í skólann. Í öðrum tölulíð er átt við gagnfræðinga, sem lokið hafa þriggja ára gagnfræðanámi.

B. Námsgreinar og kennslutilhögun.

1. Námsgreinar skólans eiga fyrst og fremst að miðast við kennslugreinar kennarans síðar. Ber því skólanum einkum að leggja áherzlu á það, sem eru höfuðgreinar í barnaskólum. Í öðru lagi ber að haga vali námsgreina og kennslu þannig, að nemandi verði fær til að afla sér sem beztrar þekkingar um uppeldismál. Ber þessa helzt að gæta við tungumálakennslu, en einnig í þeirri leikni, sem nútíma kennsluaðferðir krefjast, t. d. í teiknun, handavinnu og leikfimi.

2. Sérstaka áherzlu ber að leggja á það, að nemendur vinni sjálfstætt og af eigin hvötum. Námsgreinar skulu því vera svo fáar samtímis sem við verður komið, svo að nemandi eigi þess kost að gefa sig af alhug við námi hverrar einstakrar. Ber frekar að líta á námið sem heild en sem summu hinna ýmsu námsgreina. Námsgreinar eiga að mynda hnitmiðað kerfi, sem efli heilðræna skapgerð nemenda.

3. Í þessu skyni skal hverjum nemanda heimilt að kjósa sér eina námsgrein, sem annars er kennd í skólanum, og leggja sérstaka stund á hana. Skólastjórn ákveður, hvaða námsgreinar teljast gildar sem kjörgreinar. Kröfur um þekkingu í kjörgrein ber að gera allmiklu hærri en í öðrum námsgreinum. Heimilt er nemanda að breyta vali kjörgreinar, en þó getur slík breyting aldrei upphafið ófullnægjandi einkunn, sem þegar hefir verið gefin.

4. Námsgreinar skólans eru þessar:

- a. Íslensk tunga og íslenskar bókmenntir,
- b. Saga og félagsfræði,
- c. Enska eða þýzka,
- d. Danska eða sænska,
- e. Kristinfræði,
- f. Stærðfræði (eðlisfræði, stjörnufræði),
- g. Náttúrufræði (efnafræði),
- h. Landfræði (veðurfræði),

- i. Heilsufræði,
- k. Ritleikni og lestrarleikni,
- l. Teikning,
- m. Handavinna,
- n. Söngur.
- o. Leikfimi,
- p. Frumatriði kennslu og uppeldisfræði.

5. Við sunningu lesskrár ber að gæta þess, að sem fæstar námsgreinar séu ætlaðar bekkjum samtímis. Ennfremur skulu 3 stundir á viku (í 2., 3. og 4. bekk) vera auðar, og falla þær til kjörgreina, til viðbótar þeim stundum, sem almennt eru ætlaðar viðkomandi námsgrein.

Greinargerð.

Til skýringar á tillögum um námsgreinar og kennslutilhögun er það að segja, að námið verður fyrst og fremst að miða að því að efla andlegan þroska nemenda sem bezt. Þessu takmarki verður helzt náð á þann hátt, að kenna færri námsgreinar, en krefjast meiri kunnáttu heldur en gert er til stúdentsprófs í almennum menntaskólum. Þessi munur á námstilhögun er með öllu réttmætur og sjálfsgæður. Stúdentum menntaskólanna er háskólanámið oftast framhaldsnám í einhverjum þeirra greina, sem þeir námu áður, en þær greinar, sem háskólanámið snertir alls ekki, eru nauðsynlegar til almennrar menntunar. Barnakennarinn aftur á móti verður síðar að kenna það, sem hann nam í menntaskóla, án þess að hafa bætt miklu við þekkingarforða sinn í flestum námsgreinum. Hann þarf því að nema allt rækilegar og með sjálfstæðara starfi heldur en almennt er í menntaskólum vorum. Þetta getur hann því aðeins, að námsgreinar séu ekki mjög margar, og einkanlega, að þær séu sem fæstar í senn. Gefst þá nemandi kostur á að leggja sérstaka alúð og ástundun við einstakar námsgreinar, en það veitir honum aftur öruggara sjálfstæði í námi og aukinn þroska.

Um námsgreinar sjálfar er það að segja, að þær eru valdar frá þrennskonar sjónarmiði. 1. Að þær eiga síðar að verða kennslugreinar nemandi. 2. Að nám þeirra veitir nemendum þá leikni og lipurð, sem kennari þarf á að halda. 3. Að nemandi öðlist sem bezt skilyrði til að afla sér þekkingar um uppeldisvísindi. Þriðji liður á einkum við tungumálin, sem auk íslenzku eiga aðeins að vera tvö. Hér er gengið út frá þeirri staðreynd, að fæstir stúdentar nema fleiri en tvö erlend mál til nokkurrar hlítar. En kennurum er það einkar áriðandi, að hafa eitt stórmál fyllilega á valdi sínu, svo að þeir eigi greiðan aðgang að bókmenntum einnar stórþjóðar um uppeldisvísindi. Í tillögunum er aðeins gert ráð fyrir ensku og þýzku sem valfrjálsum stórmálum, enda mun frönsk tunga oss svo fjarskyld, að eigi lærist nema við langdvöl í landinu sjálfu. Má og vel fullyrða, að hver, sem hefir ensku eða þýzku fyllilega á valdi sínu, eigi kost á að kynna sér allar markverðar hreyfingar og nýjungar í uppeldismálum, hvar sem þær gerast í heiminum. Auk þess er gert ráð fyrir, að hver nemandi læri danska eða sænska tungu til hlítar.

C. Um próf.

1. Haldin skulu árlega bekkjarpróf í skólanum. Í þeim námsgreinum, sem skólinn kennir næsta ár, skal aðeins prófa í því, sem kennt var á skólaárinu. Í þeim greinum, sem skólinn lýkur kennslu í, skal fara fram lokapróf, er miðist við það, sem krafizt er, að nemandi hafi lært. Einkunnir við lokapróf í einstökum námsgreinum gilda sem einkunnir til stúdentsprófs, og ber að reikna með þeim, er finna skal aðaleinkunn við stúdentspróf. Kennslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við lokapróf og stúdentspróf.

2. Nemandi hefir rétt til að þreyta stúdentspróf, ef hann hefir staðizt öll bekkjarpróf skólans og fullnægt kröfum hans að öðru leyti. Þó er hann skyldur að leggja

fram voltorð, sem sanni, að hann hafi unnið algenga erfiðisvinnu á sjó eða landi að minnsta kosti 8 mánuði á eigi lengri tíma en þrem árum.

3. Stúdentspróf miðast við það, að nemandi hafi jafnmikinn andlegan þroska og krafizt er til burtfararprófs í menntaskólum ríkisins. Einkum ber að leggja áherzlu á það, að nemandi kunni að vinna sjálfstætt, að hugsun hans sé ljós og rökviss, að hann sé fær um að brjóta til mergjar flókin efni og gera grein fyrir skoðun sinni í skýru máli og stuttu. Hann skal kunna góð skil á þeim greinum náttúrufræði, sem kenndar eru við skólann, og kunna að lesa, tala og rita ensku eða þýzku nokkurn veginn rétt og auðveldlega.

4. Við stúdentspróf ber að leggja sérstaka áherzlu á þá leikni, sem kennarastarfið krefst síðar af nemanda. Eru því söngur, teiknun, leikfimi og handavinna að sjálf-sögðu prófskyldar greinar við stúdentspróf.

5. Stúdentspróf skal fara fram um svipað leyti og við Menntaskólann í Reykjavík.

Greinargerð.

Að því er viðkemur því skilyrði, að stúdentsefni hafi stundað algenga erfiðisvinnu ákveðinn tíma, má minna á það, að flestir menntamenn þjóðarinnar hafa kynnt erfiðisvinnu af eigin reynd og eiga henni meðal annars kjarna menntunar sinnar að þakka. Vinnan hefir verið óendanlega sterkur þáttur í uppeldi þjóðarinnar. Hún hefir eftt heilsu og hreysti einstaklingsins og þroskað skilning og samúð meðal hinna ýmsu stétta í landinu. Hún mun ávallt verða vaxandi kynslóðum hollur skóli. Og æskan er ávallt fús til starfa. Hún þarf aðeins að eiga sér örugga leiðtoga. Allir vita, að líkamleg áreynsla er nemendum nauðsynleg eftir langar innisetur og bókalestur. Geti því foreldrar og kennarar unglinganna eigi óskað þeim betri tilbreytingar en hollrar líkamlegrar vinnu undir góðri stjórn. Því að andlegt nám krefst mikillar líkamlegrar hreysti, og er hverjum veilum nemanda hætta búin við það. En íslensk bernska verður að eignast hrausta, atorkusama og vel menntaða kennara.

Próf er gert ráð fyrir, að haldið verði á líkan hátt og venja er til um stúdentspróf. Þó ber að leggja sérstaka áherzlu á það, að nemandi kunni að vinna sjálfstætt og sé fær um að lúka ákveðnu verkefni upp á eigin eindæmi, svo að viðunandi sé. Er þetta kennaraefnum barnaskóla einkar áriðandi sakir hins skamma háskólanáms, er bíður þeirra. Það er alkunna, hversu mikið veltur á því í háskólanámi, að nemandi kunni þegar tókin á sjálfstæðri vinnu, en hitt mun ekki fátítt meðal stúdenta, bæði íslenzkra og erlendra, að þá skorti kunnáttu í sjálfstæðum vinnubrögðum, er þeir koma fyrst til háskólans, og háir það námi margra. Menntaskóli kennara vill koma í veg fyrir þetta með því að efla námsvilja nemenda sinna og sjálfstæða starfshneigð frá fyrstu byrjun.

„Lokapróf“ eru til þess ætluð að gera skólanum auðveldara að kenna ýmsar námsgreinar á skömmum tíma, enda þótt þær beri að taka til greina við stúdentspróf. Má þó lúka námsgrein með öllu á einum vetri eða tveim, og þarf ekki að prófa í henni aftur við stúdentspróf. Er þannig komið í veg fyrir, að starfskröftum nemenda þurfi að sundra með of mörgum námsgreinum samtímis. Hinsvegar er hvöt nemanda í engu skert, að leggja stund á námsgreinar sínar vegna góðra einkunna við stúdentspróf. Þær greinar, sem kenndar verða í menntaskóla kennara, eru allar jafnþýðingarmiklar og jafnréttháar.

II. Um uppeldisdeild við Háskóla Íslands.

Stofna ber við Háskóla Íslands deild fyrir uppeldisvísindi, sem hafi það markmið að veita kennaraefnum allra skóla, er nám stunda við háskólann, sem allra fullkomnasta uppeldismenntun.

A. Starfssvið og kennslutilhögun.

1. Í uppeldisdeild ber að kenna:
 - a. Vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisins, uppeldislega siðfræði og uppeldislega félagsfræði.
 - b. Sálfræði barna og unglínga, uppeldislega sálfræði, og um sálarlíf vandræðabarna („abnormal-psychologie“).
 - c. Kennslufræði, einstakar kennsluáðferðir, kennsluæfingar.
2. Kennslan fer fram í fyrirlestrum, æfingum og sameiginlegum lestri. Sérstaka áherzlu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.
3. Uppeldisdeildin starfar í náinni samvinnu við aðrar stofnanir innan háskólans, einkum norrænudeild, atvinnudeild eða heimspekideild yfirleitt, og einnig lækna-deild. Ef þörf krefur, er uppeldisdeild heimilt að snúa sér til menntastofnana utan háskólans um fræðslu í einhverri sérgrein.

Greinargerð.

Uppeldisvísindi nútímans eru svo fjölpætt og flókin, að eigi er unnt að greina hér allt, sem kenna þarf. Jafnframt sögu uppeldisins þarf að flytja sérstaka fyrirlestraflokka um mestu frömuði uppeldismálanna eða halda æfingar um kenningar þeirra. Ber þess að gæta, að nemandi þroskast oft meir við að brjóta til mergjar kenningar eins mikils anda en að hafa yfirborðsþekkingu á margskonar kenningum og stefnum. Auðvitað verður kennaraefni að hafa yfirlit yfir helztu tímabil og tímamót í sögu uppeldisins. Einkum ber þó að leggja mikla stund á það, að kynna nemanda frjóustu uppeldiskerfi nútímans og sýna honum, að hverju leyti þau geta orðið heillavænleg íslenzku uppeldi. Jafnframt verður að kenna siðfræði og félagsfræði, þar sem uppeldisfræðin styðst mjög við greinar þessar.

Annað höfuðatriði er sálfræði barna og unglínga. Hér verður kennarinn — sem að sjálfsgöðu á að vera sérfræðingur á þessu sviði — að leiðbeina nemendum til að gera sjálfstæðar sálfræðilegar athuganir, jafnframt sem hann kynnir þeim rækilega kenningar og helztu niðurstöður nútíma sálfræði. Nemendur verða að læra að þekkja höfuð-, „typur“ barna og þau uppeldisáhrif, sem hverri henta bezt. Það er einkar áriðandi, að kennari kunnir að rannsaka næmi hinna ýmsu skilningarvita barnsins og þann minnisstyrk, sem við þau er tengdur, t. d. sjón, heyrn, hreyfi- og þreifiskynjanir, en einnig almennan minnisstyrk, „eidetískar“ gáfur og fleira. Slíkar sérgáfur innan næmisins hafa miklu meiri þýðingu fyrir nám barnsins en kennarar almennt vita. Auk þessa er gert ráð fyrir, að nemendur eigi kost fyrirlestra um almenna sálfræði í heimspekideild.

Þriðja höfuðatriði er kennslufræði. Hér ber einkum að leggja áherzlu á það, að nemandinn læri að beita þeirri þekkingu, sem hann aflar sér. Verður því að kynna nemendum rækilega hinar ýmsu kennsluáðferðir, ræða þær ýtarlega með þeim, svo að skilningur þeirra og sjálfstæð hugsun þroskast sem bezt og auðgíst sem mest. Síðan ber kennaranum að sýna nemendum, hverjir eru aðalkostir og gallar þeirra áðferða, sem fjallað var um, en æfa jafnframt með þeim hinar beztu í hagnýtri kennslu. Á hin verklega kennsla að fara fram í æfingaskóla deildarinnar, sem getið er um á öðrum stað. Ríður á miklu, að nemandi fái sem bezta æfingu í að nota þekkingu sína, svo að uppeldisvísindin verði honum eigi þurr fræði, heldur lifandi kunnátt í hagnýtu starfi.

Óhjákvæmilegt skilyrði þess, að uppeldisdeild nái fullum árangri, er það, að kennarar deildarinnar hafi fengið fullkominustu menntun, sem völ er á í hverri grein. Að vísu má uppeldisfræðingur ekki vera eingöngu sérfræðingur, þ. e. alls ófróður um aðrar greinar uppeldisvísinda en þær, sem hann sjálfur kennir. En uppeldisvísindi nútímans eru of fjölpætt og margbrotin til þess, að einn maður geti haft þau á valdi sínu að fullu. Handa uppeldisdeild myndi þurfa að minnsta kosti þrjá

kennara, er eingöngu kenndu uppeldisvísindi. Ættu þeir þegar frá byrjun að hafa notið ákveðinnar sérmenntunar í aðalgrein sinni.

B. Um menntun barnakennara.

1. Heimspékideild Háskóla Íslands annast menntun barnakennara.
2. Rétt til að starfa sem kennari við barnaskóla hefir sá, er að loknu stúdentsprófi við menntaskóla kennara hefir stundað 5 missira nám í uppeldisvísindum við heimspékideild Háskóla Íslands og lokið hefir fyrirskipuðu kennaraprófi.
3. Auk uppeldisvísinda ber nemanda að stunda nám í tveim greinum, er kenndar eru við háskólann (eða háskólinn útveggar kennslu í). Skal að minnsta kosti önnur þeirra valin þannig, að hún geti orðið kennslugrein í barnaskóla síðar. Yfirleitt ber nemanda að leggja allt kapp á að fullkomna menntun sína sem bezt með því að sækja alla fyrirlestra Háskólans, er honum mættu að notum verða (sbr. II. A,3).

4. Nú bregður nemandi vali námsgreina, og skal þá hver grein fullgild til prófs, er hann hefir stundað eigi skemur en fjögur missiri, enda sé námstími hans eigi skemmri en 6 missiri. Uppeldisfræði og sálfræði eru skyldugreinar frá námsbyrjun.

Skylt er nemanda að sækja reglulega fyrirlestra að minnsta kosti um tvö efni, og einnig æfingar að minnsta kosti um tvö efni (auk kennsluæfinga) hvert missiri, ella skal missirið eigi reiknast sem námstími. Viðkomandi kennari staðfestir með undirskrift sinni þátttöku nemanda.

6. Til kennaraprófs er engin námsgrein gild, sem nemandi hefir eigi sótt fyrirlestra um tvö og æfingar um þrjú ólík efni í.

C. Um menntun lýðskólakennara.

1. Heimspékideild Háskóla Íslands annast menntun lýðskólakennara. Lýðskólar nefnast tveggja og þriggja ára héraðsskólar og gagnfræðaskólar í sveitum og kaupstöðum.

2. Rétt til að starfa sem kennari við lýðskóla hefir sá, er að loknu stúdentsprófi við menntaskólann í Reykjavík eða menntaskóla norðanlands hefir stundað 7 missira nám við heimspékideild Háskóla Íslands í uppeldisvísindum, og auk þess þrem greinum, er síðar verða kennslugreinar hans, og lokið hefir fyrirskipuðu kennaraprófi.

3. Íslenzk tunga og íslenzkar bókmenntir eru skyldugrein kennaraefnum lýðskóla. Ein grein skal vera *aðalgrein*, en auk þess ber nemanda að stunda tvær *aukagreinar*.

4. Nú velur nemandi uppeldisvísindi sem aðalgrein, og ber honum þá aðeins að stunda tvær greinar sem væntanlegar kennslugreinar, og skoðist þar sem aukagreinar (sjá II G 2). Að öðru leyti ákveður heimspékideild, hvaða greinar megi velja saman.

5. Nú skiptir nemandi um deild eða bregður vali námsgreina, og hefir hann þá rétt til að segja sig til prófs, er hann hefir stundað aðalgrein 6, en aukagrein 4 missiri, enda hafi hann stundað reglulegt nám eigi skemur en 8 missiri.

6. Skylt er nemanda að sækja að minnsta kosti tvo fyrirlestraflokka og tvær æfingar hvert missiri; ella skal missirið eigi reiknast sem námstími. Viðkomandi kennari staðfestir með undirskrift sinni þátttöku nemanda.

Til kennaraprófs skal engin námsgrein gild, sem nemandi hefir sótt minna en tvo fyrirlestraflokka og tvær æfingar í.

G r e i n a r g e r ð.

Það virðist vera eindreginn vilji bæði kennara sjálfra og annara, er um uppeldismál hugsa, að kennaraefni fái sérmenntun sína í háskólanum. Er og háskól-

inn einn fær til að veita þá menntun, er kennarar þurfa að öðlast. Samt getur háskólanám því aðeins komið að fullum notum, að það sé eigi of skammt. Í ofan-skráðum tillögum er áætlaður skemmsti tími, sem að verulegum notum mætti verða: 5 missira nám handa kennaraefnum barnaskóla og 7 missira nám handa kennaraefnum lýðskóla undir próf. Eitt missiri er áætlað til prófvinnu nemenda. Yrði þá nám barnaskólakennara þriggja ára, en lýðskólakennara fjöggra ára, og er það nokkru skemmri tími en erlendis er krafizt til slíks náms, þar sem uppeldis-menntun stendur á háu stigi. Því ber ekki að neita, að þriggja til fjöggra ára nám muni valda mörgum nemanda fjárhagslegum erfiðleikum. En á hinn bóginn er sýnt, að núverandi uppeldismentun kennara er allsendis óviðunandi, og verður henni ekki kippt í lag nema með gagngerðri breytingu, eins og farið er fram á í ofangreindum tillögum. Einnig ber að gæta þess, að stefnuvisst og marksækið nám verður í raun-inni ávallt ódýrara og affarasælla en nám, sem að miklu leyti skortir mark og mið. Nokkrir lýðskólakennarar hafa t. d. lokið háskólanámi, en langoftast í greinum, sem voru alls óskyldar uppeldisvísindum, t. d. guðfræði. Slíkir menn hafa um tvennt að velja: annaðhvort að afla sér viðunandi þekkingar um uppeldi, sem auðvitað myndi kosta nýtt háskólanám, eða starfa í skólunum á mjög ófullnægjandi hátt. Hve óviðunandi slíkur „undirbúningur“ undir kennslustarfið er, sést best á því, að fjölmarga lýðskólakennara skortir eigi aðeins uppeldismentun, heldur einnig einföldustu þekkingu í þeim greinum, sem þeir kenna. Af þessum ástæðum og öðrum þvilkum má hverjum hugsandi manni vera það ljóst, hversu óumflýjanleg nauðsyn umbætur á menntun kennara eru orðnar. Þess má krefjast, þjóðinni að kostnaðarlausu, að hver háskólagenginn kennari við skóla hennar hafi fyrst og fremst lagt stund á uppeldisvísindi og kennslugreinar sínar.

Gert er ráð fyrir tveim prófritgerðum, og til hvorrar ætlaður tveggja mánaða tími. Er þá gengið út frá þeirri staðreynd, að nemandi þroskist mjög við það, að vinna sjálfstætt úr úrlausn ákveðins verkefnis. Mun það almenn reynsla, að samning tveggja ritgerða ásamt rækilegum upplestri fyrir munnlegu prófin séu afar-þýðingarmikill þáttur háskólanámsins.

Ætlazt er til, að bæði barnakennarar og lýðskólakennarar nemi við háskólann nokkrar greinar auk uppeldisvísinda. Nám uppeldisvísinda einna saman myndi alls ekki húa nemandann samilega undir stöðu sína. Því er gert ráð fyrir, að kennaraefni lýðskólanna stundi þrjár greinar við háskólann, er síðar verða kennslu-greinar hans. Er það sjálfsgöð krafa, að enginn kenni við lýðskóla neina höf-udgrein, sem hann hefir eigi sjálfur lokið háskólaprófi í. Aftur á móti eru kennslu-greinar barnakennarans svo margar, að eigi má ætlast til, að hann hafi stundað þær allar við háskóla. Þessum ástæðum verður menntaskóli kennara þegar að gefa gaum, eins og að ofan var sýnt. En með því að það yrði frá uppeldislegu sjón-armiði að teljast mjög óheppilegt að aðskilja nám kennslugreinanna með öllu frá námi uppeldisvísindanna, er gert ráð fyrir, að kennaraefni barnaskóla nemi við háskólann tvær greinar, auk uppeldisfræði og sálfræði. Ætti kennara að koma slíkt nám að miklum notum, einkum af því, að hann öðlast þá kunnáttu til að afla sér þekkingar í einhverri grein, en einmitt þessi *kunnáttu* er kennara meiri virði en nokkuð annað.

Með því að háskólinn er ennþá ekki fær til að veita kennslu í öllum greinum, sem kennaraefni með réttu kynnu að æskja, ætti hann að leita samvinnu við þær menntastofnanir, sem orðið gætu honum til aðstoðar, unz honum vex fiskur um hrygg, t. d. stærðfræðideild menntaskólans í Reykjavík (fyrir stærðfræði og eðlis-fræði). Erlend mál ættu lektorar háskólans að kenna, en dýrafræði og landafræði ætti að kenna í sambandi við atvinnudeild háskólans. Hins þarf eigi að geta, að í íslenzkudeild háskólans á þjóðin þá menntastofnun, sem eflt getur þroska hvers nemanda, er hana sækir. Er það og lýðskólakennurum einkar áriðandi, að bera gott skyn á tungu, bókmenntir og sögu þjóðarinnar.

D. Um æfingaskóla og æfingakennslu handa barnakennurum.

1. Í sambandi við uppeldisdeild skal vera æfingaskóli, sem kennir börnum frá 7—14 ára og hafi 7 bekki. Þegar þörf þykir, má breyta honum þannig, að tveggja og þriggja bekkja skólar myndist, svo að nemendum gefist kostur á að kynnast þeim erfiðleikum, sem starf við slíka skóla hefir í för með sér.

2. Í æfingaskólanum skulu grundvallaratriði kennslunnar skýrð fyrir nemendum í sambandi við almenna kennslufræði, sem kennd er við háskólann. Því næst skal nemendum gefinn kostur á að æfa sig við kennslu undir handleiðslu reynds kennara. Sérstök stund skal lögð á að kynna kennaraefnum alla bekki skólans og gera þeim ljósan þann mun á kennsluaðferðum, sem nauðsynlegur er við hin ýmsu aldurs skeið.

3. Sýni nemandi, að hann eigi þá hæfileika, sem barnakennsla krefst (æskilegt væri sálfræðilegt próf jafnframt reynslukennslunni), skal hann að afloknum þrem missirum við háskólann sendur til einhvers barnaskóla, þar sem hann kenni einum bekk sex vikur undir handleiðslu valins kennara.

4. Hafi nemandi lokið þessum reynslutíma með viðunandi árangri, sem vottorð umsýjarkennarans sýnir, skal hann semja stutta ritgerð um reynslu sína í skólanum. Ritgerðin afhendist eigi síðar en sex vikum eftir að kennslutíma lauk, og er hún þá prófuð af kennara í kennslufræði. Ef hún er tekin gild og nemandi fullnægir að öðru þeim skilyrðum, sem deildin setur um próf, hefir hann rétt til að segja sig til prófs.

E. Um kennsluæfingar lýðskólakennara.

1. Kennsluæfingar lýðskólakennara skulu eigi fara fram í sérstökum æfingaskóla, heldur í lýðskólum þeim og menntaskólum, sem nemendur ná til.

2. Auk kennara uppeldisdeildar skulu kvaddir úrvalskennarar frá skólum bæjarins sem æfingakennarar. Skal þeim og engum kennurum, er fasta stöðu hafa hjá ríkinu, greidd sérstök þóknun fyrir æfingakennslu, enda skal þeim eigi ætlað meira starf en samræmanlegt er embættisskyldum þeirra.

3. Æfingakennarar sækja með fáeinum nemendum kennslustundir ýmsra skóla og hlýða þar á kennslu. Að lokinni kennslustund skal æfingakennari skýra ýms atriði kennslunnar fyrir nemendum og benda þeim á það, sem betur hefði mátt fara.

4. Eftir að kennaraefni hafa á þennan hátt kynnt sér kennslu eitt missiri, skulu þeir sjálfir takast á hendur kennslu í einstökum stundum undir handleiðslu æfingakennarans. Að lokinni kennslustund ræðir æfingakennari kennsluna við kennaraefnin og bendir á það, sem betur hefði mátt fara.

5. Nemandi tekur ekki þátt í kennsluæfingum fyrr en hann hefir lokið fjögur missira námi, og er hann skyldur að sækja æfingar að minnsta kosti tvö missiri. Æfingakennari vottar þátttöku nemanda með undirskrift sinni.

6. Hafi nemandi lokið kennsluæfingum á viðunandi hátt, sem vottorð æfingakennara vitna, og að öðru leyti fullnægt kröfum skólans, hefir hann rétt til að segja sig til prófs.

Greinargerð.

Uppeldisdeild verður að sjálfsgöðu að hafa æfingaskóla, svo að hægt sé að veita kennaraefnum verklega æfingu við kennslu og kenna þeim skólahald. Án slíks æfingaskóla myndi ein höfuðgrein uppeldisvísinda, kennslufræðin, koma að mjög litlum notum. Æfingaskólinn þarf að hafa 7 bekki eða ársdeildir, til þess að kennaraefnin læri að umgangast hvern árgang út af fyrir sig, eins og er í fullkomnum kaupstaðaskólum. En til þess að æfa kennaraefni undir starf í sveitaskólum, verður að breyta skólanum þannig, að tveggja bekkja skólar myndist, svo að nemendum gefist kostur á að kynnast þeim erfiðleikum, er starf slíkra skóla hefir í för með sér. Þess ber að gæta, að enda þótt æfingaskólinn væri fullkominn barnaskóli

með 7 ársdeildum, myndi það eigi leiða til neinna sérstakra útgjalda fyrir ríkið. með því að nú er ekla á skólahúsum, en skólinn hinsvegar tæki við jafnmörgum börnum og samsvaraði húsrými hans.

Með því að kennsla í æfingaskóla nægir ekki til fullkominnar kynningar kennaraefna af skólalífi, er gert ráð fyrir, að nemandi kenni sex vikna tíma í einhverjum barnaskóla undir stjórn og handleiðslu valins kennara. Er þetta atriði einkar áriðandi, bæði til þess að nemandi kynnist skólastarfinu, eins og það er í raun og veru, og jafnframt til þess að efla sjálfstæða starfshvöt hans. Auk þess er sú reynsla, er kennari hefir öðlazzt í löngu starfi, byrjanda ávallt mikilsverð, jafnvel þótt kennslustarf beggja byggist á ólíkum grundvallarskoðunum.

Sama gegnir um tillögur þær, er fjalla um kennsluæfingar handa lýðskólakennurum. Aðeins virðist hér sérstakur æfingaskóli óþarfur, enda miklu heppilegra að leita með nemendum til þeirra héraðs-, gagnfræða- og menntaskóla, sem til næst. Hitt er óviðunandi, að nemandi fái enga leiðbeiningu í kennslu, enda er gert ráð fyrir, að hann njóti tilsagnar í kennslufræði við háskólann, og er þá verkleg æfing sjálfstöð, til þess að sú þekking komi að fullum notum.

F. Um próf barnakennara.

1. Að loknu 5 missira námi við Háskóla Íslands hefir kennaraefni rétt til að segja sig til prófs.

2. Kennarapróf skal fara fram í fjórum námsgreinum, er nemandi tilgreinir og deildin tekur gildar; meðal þeirra séu ávallt uppeldisfræði og sálfræði, en auk þess tvær greinar, er nemandi hafi lagt stund á við háskólann (sbr. II. B. 3). Í uppeldisfræði eða sálarfræði og auk þess einni námsgrein annari, er nemandi tilgreinir, ber nemanda að semja allanga ritgerð, er síni leikni hans að tileinka sér þekkingu, skipa efni og setja ljóslega fram. Ennfremur ber nemanda að þreyta munnlegt próf í öllum fjórum greinum. Sé ein greinanna erlent mál, ber að krefjast stuttrar ritgerðar án hjálpargagna (clausur).

3. Prófið hefst með því, að prófendur gefa nemanda verkefni til ritgerða í uppeldisfræði eða sálfræði og annari námsgrein, og skal honum til úrlausnar hverju verkefni ætlaður tveggja mánaða tími. Þó má framlengja þennan tíma allt að helmingi, ef nemandi æskir og viðkomandi prófendum þykir þörf.

4. Heimilt skal nemanda að láta í ljós óskir sínar við viðkomandi embættismann háskólans um val prófenda, og einnig við prófendur um efnisval ritgerðanna, en hlíta skal hann þó úrskurði þeirra.

5. Þegar nemandi hefir skilað ritgerðum sínum, skal hann þreyta munnlegt próf í fjórum námsgreinum á þeim tíma, sem deildin ákveður. Sérstök ákvæði eru um próf í hinum einstöku greinum.

6. Nú hefir nemandi staðizt kennarapróf með því einkunnarstigi, sem krafizt er, og hefir hann þá rétt til að starfa sem kennari við barnaskóla ríkisins, samkvæmt ákvæðum um reynslustarf kennara.

G. Um próf lýðskólakennara.

1. Að loknu 7 missira námi við háskólann hafa kennaraefni lýðskóla rétt til að segja sig til prófs.

2. Auk uppeldisfræði og sálfræði skulu kennaraefni þreyta próf í þrem greinum (sbr. II. C, 2). Velji nemandi aðalgrein sína á sviði uppeldisvísindanna, er hann eigi skyldur til að hafa fleiri en tvær aukagreinar, er siðar geti orðið kennslugreinar hans, og þreytir hann því próf aðeins í fjórum greinum (sbr. II. C, 4).

3. Próf hefst með því, að nemanda eru fengin verkefni til tveggja ritgerða, og skal annað ávallt valið af sviði uppeldisvísindanna, en hitt úr aðalgrein nemanda, ef önnur er, annars úr aukagrein. Úrlausnartími skriflegu verkefnanna skal vera hinn sami og hjá kennaraefnum barnaskóla (sbr. II. F. 3).

4. Er nemandi hefir skilað ritgerðum sínum, skal hann þreyta munnlegt

próf samkvæmt ákvæðum II. G. 2. Sé ein grein erlent mál, ber að krefjast stuttrar ritgerðar án hjálpargagna.

5. Hafi nemandi staðizt skriflegt og munnlegt próf með því einkunnarstigi, sem krafizt er, hefir hann öðlazt réttindi til að starfa við lýðskóla ríkisins samkvæmt ákvæðum um reynslustarf kennara.

Greinargerð.

Ofanskráðar tillögur um próf kennaraefna munu naumast þurfa skýringa við. Það leiðir af starfsháttum lýðskóla vorra, að kennaraefni verður að hafa tvær eða þrjár námsgreinar, sem hann getur kennt, en auk þess er frá sjónarmiði almennrar menntunar æskilegt, að námið sé ekki mjög einhliða. Þær greinar, sem lýðskólakennarar þurfa mest að kenna, eru tunga og saga þjóðarinnar, landshættir, dýra- og jurtafræði og stærðfræði. Ennfremur þarf að kenna handavinnu, en heppilegast er að fela slíka kennslu handverksmönnum og hannyrðakonum. Málakennslu við lýðskólana yrðu að annast menn með fullkomnu kennaraprófi í viðkomandi tungu.

III. Um reynslustarf kennara.

1. Kennaraefni barnaskóla og lýðskóla, er lokið hafa prófi, skulu starfa eitt skólaár sem reynslukennarar undir stjórn valinna kennara í góðum skólum. Ef þess er kostur, skulu reynslukennarar starfa í tveim ólíkum skólum á árinu, t. d. kaupstaðaskóla og sveitaskóla.

Reynslukennara skal greiða kaup, er nægi honum til framfæris, miðað við dýrleika þess staðar, er hann starfar á.

3. Reynslukennari skal eigi kenna meir en sem nemi $\frac{2}{3}$ hlutum þess stundafjölda, sem ætlaður er föstum kennara.

4. Skólastjórar þeirra skóla, sem reynslukennari starfar við, skulu senda kennslumálaráðuneytinu vottorð um kennsluhæfileika hans og ástundun.

Greinargerð.

Þótt kennaraefni hafi lokið háskólaprófi, er engin sönnun fengin fyrir því, að hann sé þegar fær um að takast á hendur kennslu á eigin spýtur. Hann skortir ennþá æfingu og hagnýta þekkingu, er sjálfstæð kennsla krefst. Því virðist heppilegt, að kennarinn starfi fyrst sem reynslukennari í góðum skóla, þar sem hann getur notið leiðbeininga sér reyndari kennara og lært af þeim. Til þess að kynning reynslukennara af skólunum verði ekki of einhliða, væri æskilegt, að hann starfaði í tveim ólíkum skólum á reynsluári sínu, t. d. kaupstaðaskóla og sveitaskóla. Yrði þó eftir föngum að gæta þess, að láta reynslukennara starfa í fyrirmyndarskólum, svo að hið bezta og þroskaðasta í skólamenningu vorri ynni sér fylgi og breiddist út.

Vitanlega yrði að greiða reynslukennurum kaup, er nægi þeim vel til framfæris, enda afkasta þeir nýtu starfi í þágu ríkisins eins og aðrir kennarar. Ætti reynsluár þetta að vera jafnskylt fyrir barnakennara sem lýðskólakennara, enda hefir þetta fyrirkomulag gefizt vel, hvar sem það hefir verið reynt erlendis. Er þó hjá oss miklu brýnni nauðsyn slíks reynslutíma en hjá öðrum þjóðum, þar sem vér gerum ráð fyrir mjög skömmum námstíma, sem auðvitað veitir nemendum ekki jafnfullkomna menntun á neinu sviði og bezt er við erlenda háskóla. Gæti þessi tilhögun einnig styrkt að því, að á kæmust fastir hættir í skólahögum vorum, sem verða mættu kennurum að miklum styrk, en nú skortir tilfínnanlega. Í skólum vorum þurfa ávallt að samræmast í einhuga samstarfi reynsla hinna eldri og aukin uppeldisþekking hinna yngri kennara.

Til umbóta á samstarfi kennara ætti að stofna starfsfélög meðal þeirra, þar sem þeir hittust og ræddu áhugamál sín. Mætti það einnig verða til eflingar menntun jafnt eldri kennara sem yngri.

Fylgiskjal IV.

Tillögur fulltrúaðings S. Í. B., 1935, um menntun kennara.

Fulltrúaðing Sambands íslenzkra barnakennara 1935 telur brýna nauðsyn, að undirbúningsmenntun kennara verði stórlega bætt frá því, sem nú er. Í því sambandi telur þingið sjálfsgætt, að undirbúningsmenntun kennara verði skipulögð á nýjum grundvelli.

Þingið gerir tillögur um eftirfarandi fyrirkomulag:

1. Sett verði á stofn deild í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands, svo sem gert er ráð fyrir í lögum um byggingu háskóla 1933.

Allir kennarar við barnaskóla, héraðsskóla og gagnfræðaskóla skulu stunda nám við deild þessa í minnst 2 ár, og sé próf þaðan skilyrði fyrir kennararéttindum.

2. Í stað Kennaraskóla Íslands komi 3 ára menntaskóli, er búi kennaraefni undir nám við uppeldisfræðideild háskólans, og veitir burtfararpróf þaðan aðgang að uppeldisfræðideild háskólans og er skilyrði þess, að nemandinn geti öðlazzt kennararéttindi með prófi frá henni.

3. Heimavistir skulu vera bæði við menntaskóla kennara og uppeldisfræðideild háskólans.

4. Öllum þeim kennurum, sem starfandi eru, þegar uppeldisfræðideild háskólans tekur til starfa, skal gert kleift næstu ár eftir að stunda nám við uppeldisfræðideild háskólans a. m. k. 1 ár, og hafi þeir rétt til að ljúka burtfararprófi þaðan.

Greinargerð fyrir tillögunum.

Kennarastéttinni er tvímælalaust ljósara en öllum öðrum nauðsynin á stórlega endurbættum menntunarskilyrðum kennara. Kennarastéttin veit og skilur, að starf hennar er eitt hið allra vandasamasta viðfangsefni í þjóðfélaginu, og að þeir einir, sem hafa mikla æfingu, tækni og þekkingu, geta leyst það vel af hendi. Íslenzku kennararnir hafa margoft látið þennan skilning í ljós á þingum sínum og annarsstaðar í ræðu og riti, og þeir hafa umfram allt sýnt hann í verki, bæði með því að leggja á sig erfiðar námsferðir til annara landa, oft með ærnum kostnaði, og með því að fjölmenna hvað eftir annað á námskeið hér heima.

En það er ekki nóg, að stéttin geri sér þetta ljóst í sinn hóp. Hún þarf einnig, og það sem allra fyrst, að flytja málið opinberlega og bera fram um það ákveðnar tillögur. Það hefir t. d. mikið gildi fyrir virðingu og álit stéttarinnar út á við, að kröfur í þessu máli komi frá henni sjálfri, áður en þær verða háværar meðal almennings. Þá getur það og haft mikla þýðingu fyrir launamálið. Það er að vísu augljóst, að kennararnir eiga réttlætiskröfur til mikilla kjarabóta nú þegar, án tillits til menntunarmálsins, en hitt er jafnótvirætt, að það hlýtur að hafa áhrif á launamálsins, ef sú staðreynd fæst viðurkennd, fyrst af kennarastéttinni sjálfri, og svo öllum almenningsi, að til barna- og unglingakennslu þarf jafnmikla undirbúningsmenntun og til þeirra starfa, sem vandasómust hafa verið talin og útheimta mesta kunnáttu.

Við 1. gr. í lögunum um byggingu háskólans er gert ráð fyrir deild uppeldisvísinda, og í uppdrætti byggingarinnar mun vera ákveðið húsrúm fyrir þessa deild. Það er því fullkomlega tímabært, að kennarastéttin geri sér grein fyrir afstöðu þessarar væntanlegu stofnunar til kennaramenntunarinnar.

Sú leið er vitanlega til, að Kennaraskóli Íslands haldi áfram að starfa og að útskrifa kennara með réttindum eftir sem áður, en að háskóladeildin skapi fáeinum útvöldum, og þá einkum þeim, sem eiga heima í Reykjavík, skilyrði til framhaldsnáms. En sú skipun myndi brátt verða óviðunandi, bæði fyrir kennarastéttina og þjóðfélagið. Hætt er t. d. við því, að uppeldisfræðideild háskólans yrði ekki eins mikill sómi sýndur, ef nemendur yrðu aðeins litill hluti kennaraefna, og um kennaraskólann gæti það farið svo, að hann yrði ennþá vanræktari af þjóðfélaginu. Þegar

möguleikar væru komnir til að bæta upp annarsstaðar sérfræðikennsluna. Við þessu er enn hættara hjá okkur en stærri ríkjum. Og loks er sú mikla hættu, sem bæði kennarastéttinni sjálfri, samtökum hennar og félagsbaráttu og alþýðumenn-
ingunni í landinu hlyti að stafa af því, ef nokkur hluti kennaranna fengi réttindi til starfsins með stórum lakari undirbúningsmenntun en almennt væri viðurkennd nauðsynleg.

Samkvæmt því, sem hér er lagt til, myndi allt hið uppeldisfræðilega sérnám kennaraefnanna fara fram í háskóladeildinni og í barnaskólum, sem hafðir væru til tilrauna og kennsluæfinga. Kennslan myndi verða að nokkru leyti verkleg og að nokkru leyti í fyrirlestrum og samtölum. Helztu námsgreinar yrðu ýmsar greinar barnasálarfræði og tilraunauppeldisfræði, þá skólasaga, einkum hin nýrri, yfirlit yfir helztu bækur og tímarit uppeldisvísinda, lífeðlisfræði, líffærafræði, heilsufræði, kennslufræði, bæði einstakra námsgreina og almenn, o. fl. Kennsluæfingar og tilraunir með hörn gætu farið fram annaðhvort í sérstökum tilraunaskóla, sem háskóladeildin hefði umráð yfir, eða í barnaskóla bæjarins, einum eða fleiri. Kennsluæfingar ættu að vera miklu lífrænni og hagnýtari, með allt öðru fyrirkomulagi en nú er í kennaraskólanum.

Um ákvæði það, sem hér er sett viðvíkjandi héraðs- og gagnfræðaskólakennurum, er það að segja, að sem stendur er engin námsstofnun eða stofnanir, miðað við menntunarþarfir þessara kennara; myndi því bætt úr brýnni þörf þessara skóla með þeirri tilhögun, sem hér er bent á. En auk þessa náms myndu þessir kennarar sennilega þurfa að nema sérstaklega þær greinar, sem þeir ættu að kenna við skólann.

Við 2. gr. Þar sem í tillögunni er talað um, að í stað Kennaraskóla Íslands komi menntaskóli, þá er um að ræða skóla með allt annari námsskrá og helzt annarsstaðar á landinu. Um leið og hin uppeldisfræðilega sérkennsla er komin að öllu leyti inn í háskólann, þá er kennaraskólinn orðinn allt annar. En auk þess hlýtur kennsla í öðrum greinum að breytast og nýjar greinar að bætast við. Þar sem gera má ráð fyrir, að þessi skóli yrði álika þungur og þeir menntaskólar, sem fyrir eru, gæti einnig komið til mála, í stað sérstaks skóla, að láta venjulegt stúdentspróf gilda til inntöku í uppeldisfræðideildina. En á móti því mælir margt, meðal annars það, að venjuleg stúdentsmenntun er kennaraefnum óhentug og ófullnægjandi í ýmsum greinum, svo sem eðlisfræði og efnafræði, jurtafræði, landafræði, íþróttum, söngfræði, teiknun, og vantar ýmiskonar handavinnu. Í öllum þessum greinum þyrfti að leggja ýmist meiri eða annarskonar áherzlu en til venjulegs stúdentsprófs. Í íslenzku, ensku, þýzku og norðurlandamálum yrðu kröfurnar sennilega álika og til stúdentsprófs. Í reikningi mætti vera minni yfirferð, meiri æfing í að búa til og leysa úr dæmum í sambandi við lífið umhverfis, æfing í að gera ýmiskonar statistík með linuritum, að reikna „correlationir“ o. s. frv. Í sögu mætti ef til vill vera minni yfirferð en til stúdentsprófs.

Við inntökupróf í menntaskóla kennara, sem svarar til gagnfræðaprófs, ætti að leggja aðaláherzlu á að bæggja burtu hæfileikasnaudu fólki.

Við 3. gr. Það er sjálfsögð krafa, sérstaklega vegna námskostnaðarins, að heimavistir verði bæði við menntaskóla og háskóladeild kennaraefnanna; sennilega yrði hagkvæmast að hafa menntaskólann utan Reykjavíkur, annaðhvort á Akureyri eða á heitum stað í sveit, t. d. á héraðsskólasetri. Á þann hátt ætti námskostnaður ekki að þurfa að fara fram úr 400 kr. á ári, með því verðlagi, sem nú er.

Á það má benda í þessu sambandi, að hús kennaraskólans er mjög lélegt timburhús, enda byggt á lóð annarar stofnunar og hægt að heimta það á brott þaðan hvenær sem er. Það þarf því fyrirsjáanlega áður en varir að byggja nýtt hús yfir kennaraskólann, enda þótt hann haldi áfram að starfa með núverandi fyrirkomulagi.

Við 4. gr. Þessi grein þarf ekki mikilla skýringa við. Það er augljóst mál, hversu æskilegt það væri bæði fyrir kennarana sjálfa og starf þeirra, að sem flestum gæfist kostur á að stunda nám við háskóladeildina, þegar hún kemst á fót. Má telja víst, að reyndir kennarar hefðu ekki minna upp úr eins árs námi en kennaraefnin læra á tveim árum.